


Skuggahverfið (II) Húsaskipan - Nágrannatengsl

Endurminningar Kristjáns Sigurðssonar læknis



Skuggahverfið hér skilgreint sem svæðið milli Hverfisgötu að Sæbraut og milli Lækjargötu / Kalkofnsvegur að Snorrabraut (ja.is 2019)

Reykjavík janúar 2023


Efnisyfirlit

Formáli	(3)
Hverfisgata að Snorrabraut	
Hverfisgata norðanvert	(5)
Hverfisgata sunnanvert	(26)
Barónsstígur að Laugavegi	(45)
Vitastígur að Laugavegi	(48)
Frakkastígur að Laugavegi	(54)
Vatnsstígur	(59)
Klapparstígur að Laugavegi	
Klapparstígur vestanvert	(66)
Klapparstígur austanvert	(70)
Smiðjustígur	(74)
Ingólfsstræti að Laugavegi	(78)
Veghúsastígur	(81)
Lindargata og Skuggasund	
Lindargata sunnanvert	(83)
Lindargata norðanvert	(92)
Sölvhólgata	(101)
Skúlagata að Snorrabraut	(103-110)

Formáli

Húsaskipan í Skuggahverfinu á miðri síðustu öld var á þann veg að iðnaðar- og athafnasvæði voru að mestu staðsett við Skúlagötu en suður af því svæði var blönduð byggð íbúðar, verslunar-, iðnaðar, kennslu-, menningar- og stjórnsýsluhúsnæðis. Byggðin samanstóð að mestu af timburhúsum blandaðri byggð mishárra steinhúsa auk einstakra eldri steinbæja. Brottnám og endurnýjun húsa var þá aðallega tengd hefðbundinni endurnýjun vegna bruna, niðurníðslu eða að þau sköguðu inn í hefðbundna götumynd.

Samhliða landfyllingu fyrir nýja breiðgötu (Sæbraut) norðan Skúlagötu á seinni hluta 19. aldar og byrjun 20. aldar hefur húsaskipan í Skuggahverfi tekið viðamiklum breytingum vegna stefnu borgaryfirvalda um þéttingu byggðar, flutningi iðnaðarhúsnæðis í úthverfin og uppkaupum athafnamanna á eldri fasteignum á svæðinu.



Dæmi um fasteignir keyptar af athafnamönnum milli Vatnsstígs og Barónsstígs (rauðleitar). Svæðið milli Frakkastígs og Vitastígs stendur þó enn að mestu óbreytt að undanskildu endurbyggingu húsa við Laugaveg (Fréttablaðið).

Sjávarlína Skuggahverfis hefur þannig tekið miklum breytingum með uppbyggingu stórhýsa sunnan Skúlagötu og lægri húsa milli Skúlagötu og Sæbrautar. Á horni Ingólfsstrætis og Skúlagötu hefur hús Fiskifélagsins verið hækkað og breytt í hótél (Hotel Arnarhvoll Center Hotel). Þar austan við á lóð Gamla Batterísins hefur Útvarpshúsinu (1959-1987) Skúlagötu 4 verið breytt í Sjávarútvegshúsið, sex hæða hvít bygging með súlnagöngum á jarðhæð. Þar austan við, allt að horni Klapparstígs, stóð gamla Nýborg, Áfengisverslun ríkisins (ÁTVR), en þau hús voru fjarlægð þegar starfsemi ÁTVR var flutt að Lindargötu 46-48 á suðvestra horninu við Frakkastíg en lóðin við Skúlagötu mun ætluð fyrir stjórnsýslubyggingar hins opinbera.

Við Skúlagötu, milli Klapparstígs og Vatnsstígs, var trésmiðjan Völundur á austurhorni Klapparstígs og þar austan við var fiskvinnsluhús Kveldúlfs sem síðar hýsti vöruskemmu Eimskips en það félag átti einnig lóðirnar við Skúlagötu milli Vatnsstíg og Frakkastíg. Á lóðum Eimskips standa nú stórhýsi Skugga 1-3 og hvít háhýsi á Völundarlóðinni. Milli Frakkastígs og Vitastígs voru hús Sláturfélag Suðurlands (1903-1991, rífið 1994) en þar standa nú gular og brúnar blokkir eldri borgara (Skúlagata 20 og Lindargata 57-61) norðan og

austan við gamla Lindargötuskólann sem stendur enn. Þessi háhýsi taka megnið af svæðinu milli Skúlagötu og Lindargötu en eftir standa þó stjórnarsýsluhúsin norður af Þjóðleikshúsinu auk tímberhúsa við norðurhlið Lindargötu allt að Skugga 1. Suðurhlið Lindargötu hefur einnig tekið breytingum milli Klapparstígs og Frakkastígs.

Við Hverfisgötu hafa orðið umtalsverðar breytingar á húsaskipan sem aðallega eru bundnar við suðurhlið götunnar, breytingar sem ná allt upp að Laugavegi og inn að Barónsstíg ef frá er talið svæðið milli Frakkastígs og Vitastígs. Norðurhlið Hverfisgötu stendur að mestu óbreytt allt að Vitastíg ef frá er talið hluti svæðisins milli Vatnsstígs og Frakkastígs. Svæðið austan við Bjarnarborg að Snorrabraut er að mestu endurbyggt og ná þessar breytingar allt niður að Skúlagötu þar sem hús Kassagerðarinnar (1935-1960) og Kexverksmiðjunnar Frón (1936-2007), á austanverðu horni Vitastígs við Skúlagötu 26-28, hafa horfið og þar er ráðgert að byggja 17 hæða hótél. Austan Barónsstígs, á lóð Hafnarbíós, hefur einnig risið ný byggð hárra íbúðarblokka.

Samhliða þessum breytingum innan Skuggahverfis hafa orðið miklar breytingar á hafnarsvæðinu og í Kvosinni. Við innsiglinguna í höfnina hefur risið nýtt tónlistarhús “Harpan“ sem er austasti hluti af nýjum miðbæjarkjarna sem stendur á gamla hafnarsvæðinu allt að Lækjartorgi. Sunnan Lækjartorgs hafa einnig orðið breytingar vegna endurgerðar eldri húsa og nýrra bygginga við Lækjargötu og umhverfis Alþingishúsið allt suður að Tjörninni.

Þétting byggðar í miðborg Reykjavíkur hefur þannig leitt til umfangsmikilla breytinga, sem jafnvel getur verið erfitt fyrir innfædda að halda reiður á. Ljósmyndasafn Reykjavíkur heldur vissulega saman gömlum myndum úr Skuggahverfinu þar sem húsum er raðað eftir götuheitum og húsnumurum en þeim er ekki raðað í númeraröð og sum hver jafnvel ranglega staðsett. Upplýsingar um eldri byggð er einnig að finna í húsverndarskrám, en þær skrár fjalla um einstaka byggingareiti og gefa því ekki heildræna mynd af Skuggahverfinu.

Hér verður því leitast við, með stuðningi eldri og nýrri mynda, að lýsa breytingum í húsaskipan í Skuggahverfinu, allt frá Hverfisgötu í suðri að sjávarsíðunni í norðri og frá Kvosinni í vestri að Snorrabraut í austri. Varðandi upplýsingar um eldri byggð er aðallega leitað í smiðju Ljósmyndasafns Reykjavíkur en annars er byggt á nýlegum eigin myndum frá 2015-2022. Stuðst er við götunúmer eins og þau eru tilgreind í Húsverndarskrá (skýrsla Árbæjarsafnsins LXXVII) og eins við núverandi húsnumur á ja.is.

Að auki er þegar svo á við fléttað inn lýsingum á tengslum íbúa Hverfisgötu 55 við vissa nágranna innan Skuggahverfis, en saga íbúa Hverfisgötu 55 var rakin í fyrri samantekt “*Skuggahverfið (I), Hverfisgata 55 - Frumbyggjasaga*“.

Hverfisgata norðanvert að Snorrabraut

- Á svæðinu vestan Klapparstígs hafa verið rifin 3 timburhús (Smiðjustígur 7 og Hverfisgata. 23 (Lýðveldisreiturn) og Hverfisgata 33 (Hús Framsóknarflokksins) en önnur hús á þessu svæði standa óbreytt.

- Á svæðinu frá Vatnsstíg að Frakkastíg (Lúllabúðareitur) hafa 6 hús horfið (Hverfisgata 57A, 59A, 61 (þrjú hús á sömu lóð) og Frakkastígur 6B og tvö steinhús (57 og 59) endurbyggð. Ný steinhús hafa risið í þeirra stað sem ná allt niður að Frakkastíg 6A.

- Á svæðinu milli Frakkastígs og Vitastígs standa hús nánast óbreytt ef frá er skilið svæðið á Vitatorgi sem nú tengist nýjum húsum eldri borgara við Lindargötu.

- Á svæðinu milli Vitastígs og Snorrabrautar (Baróns- og Heklureitir) hafa 7 hús horfið (Hverfisgata 85, 87, 89, 91, 93, 103 (Gömlu Hekluhúsin) og 105. Steinsteipt blokkarhús hafa risið í þeirra stað og tengjast nýjum háhýsum við Vitastíg 3 og Skúlagötu 26.



1935-1942. Hverfisgata 15 Landsbókasafnið, 19 Þjóðleikhúsið, 21 Hús Jóns Magnússonar.

Hverfisgata 15. Hús nr. 15 var Landsbókasafnið (nú Safnahúsið) er byggt 1906-1908. Finnur Sigmundsson var þar landsbókavörður 1944-1964 og Finnbogi Guðmundsson 1964-1994. Finnbogi (1924-2011) var bróðir Vilhjálms Guðmundssonar (1918-69) framkvæmdastjóra Síldarverksmiðja Ríkisins á Siglufirði. Sonur Vilhjálms var samtíma mér í sveit á Barði í Fljótum. Finnbogi var kvæntur Kristjönu P. Helgadóttur (1921-1984) lækni en faðir hennar var Helgi Ólafsson (1891-1976) trésmíðameistari, þremmingur við móðurömmu mína Halldóru þar sem séra Brynjólfur Gunnarsson faðir Halldóru og Ólafur Sigurðsson (trésmíður) faðir Helga voru systkinabörn. Móðir Kristjönu var Þóra G. Kristjánsdóttir (1891-1976).

Helgi Ólafsson fór í fóstur til séra Brynjólfs og Helgu Ketilsdóttur þegar hann missti móður sína en Helgi bjó síðar við Lækinn í Hafnarfirði og kom ég þar nokkrum sinnum í fylgd móður minnar. Helgi tengdist einnig Helgu Ketilsdóttur á þann veg að hálfbróðir hans Ólafur Ólafsson (1899-1979) læknir í Stykkishólmi og síðar yfirlæknir á Sólvangi Hafnarfirði var eiginmaður Járngerðar Eiríksdóttur (1893-1978) en Eiríkur var bróðir Helgu Ketilsdóttur. Ólafur og Járngerður áttu eina kjördóttur Kötlun. Ég nefni þessi ættartengsl hér til að sýna hve oft er stutt á milli ættartengsla fólks hér á landi þegar ættir þess eru raktar nánar.



Tengdforeldrar Finnboga Guðmundssonar sem bjuggu við lækinn í Hafnarfirði.

Hverfisgata 19. Hús nr. 19 við Hverfisgötu er Þjóðleikhúsið. Grunnur að því húsi var tekinn og útveggir þess húss reistir 1929-1931. Húsið var hernumið af Bretum 1941 og nýtt sem hergagnageymsla og því ekki tekið í formlega notkun sem þjóðleikhús fyrr en 1950.

Hverfisgata 21. Austan við Þjóðleikhúsið er hús nr. 21 sem er reisulegt steinhús, tvær hæðir, ris og kjallari, og finnst á teikningum frá 1922 sem hús Jóns Magnússonar bæjarfógeti, síðar forsætisráðherra (1859-1926) og Þóru Jónsdóttur konu hans (1858-1947). Jón átti sæti í sambandslaganefnd og nokkrum öðrum nefndum og var sæmdur mörgum orðum og heiðursmerkjum. Þegar Kristján X konungur og drottning hans Alexandra komu í opinbera heimsókn til landsins 1926, var þeim fenginn gistiastaður á Hverfisgötu 21, á heimili forsætisráðherrahjónanna. Eftir lát Jóns bjó ekkjan um tíma í húsinu en seldi það síðan Sigurði Jónassyni, forstjóra Tóbaksverslunar Ríkisins. Sigurður selur húsið Hinu íslenska prentarafélagi árið 1941. Í húsinu var til húsa Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins. Á fyrstu hæð voru skrifstofur en á annarri hæð stór fundarsalur og myndarlegt bókasafn sem Hallbjörn Halldórsson og kona hans Kristín Guðmundsdóttir arfleiddu prentarafélagið að ásamt fleiri munum. Í risi hússins var rúmgóð húsvarðaríbúð en húsverðir voru í húsinu öllum stundum þó að öflugt innbrot- og eldvarnarkerfi væri um allt húsið. Þegar gengið er inn um aðaldyr hússins er komið inn í rúmgóðan forsal og þar fangaði augað prófarkapressa, verðugur fulltrúi síns tíma, gjöf frá Bláðamannafélaginu og félagi bókagerðarmanna. Húsið er nú gistiheimili. (*Heimildir: Dagur-Tíminn 21. júní 1997 – Freyja Jónsdóttir- Húsin í bænum*)




1971. Hverfisgata 23, hús Þorvaldar pólití.

Hverfisgata 23. Á þessum stað voru áður tvö timburhús, annað tvílyft en hitt einlyft, bæði með risi og kjallara en bæði eru nú horfin meðal annars eftir bruna 1994. Á fundi borgarráðs 26.10.1993 hafði áður verið samþykkt að sameina lóðir við *Hverfisgötu 23, Smiðjustíg 7 og 9* í eina lóð en þær síðast nefndu eru á norðvesturhorni Hverfisgötu og Smiðjustígs. Sameinuð lóð ber nafnið *Hverfisgata 23*, lóð án húss, og þar var árið 1994 stofnaður Lýðveldisgarðurinn.

Hverfisgata 29. Á þessari lóð reistu Sturlubræður, Friðrik og Sturla Jónssynir sem báðir voru kaupmenn, glæsihús 1903 sem brann á árinu 1912. Þeir fengu þá inni hjá ráðherraþjónunum Jóni Magnússyni og frú að Hverfisgötu 21, á meðan þeir byggðu aftur á lóðinni höll úr steinsteypu. Þeir seldu það hús til dönsku stjórnarinnar 1919 þar sem danska sendiráðið er nú til húsa.

Guðmundur Magnússon (1893-1985) var lengi húsvörður í Danska Sendiráðinu að Hverfisgötu 29 en hann var fósturbarn á Stað og Kalmannstjörn í Hafnarhreppi hjá Helgu Ketilsdóttur. Hann var kvæntur Helgu Jónsdóttur (1895-1992) og áttu þau Magnús (1925-2006) prestur í Grundarfirði, Pétur (1927-2011) verkfræðingur hjá Fjarhitun hf. og Rögnu (1943) búsett í Bandaríkjunum. Guðmundur starfaði þar lengi sem húsvörður og voru góð gagnkvæm samskipti milli fjölskyldu hans og fjölskyldu móður minnar. Magnús sonur hans framkvæmdi prestverk innan fjölskyldu minnar og Pétur veitti ómetanlega tæknilega aðstoð við uppbyggingu Hverfisgötu 55 eftir húsburna 1995.



Danska Sendiráðið og Guðmundur Magnússon.

Guðmundur var þátttakandi í Sönghóp Fóstbræðra og var móðir mín því ætíð styrktaraðili þess hóps og sótti reglulega árlega styrktartónleika þeirra. Í *minningarorðum Friðriks Sigurbjörnssonar mágs séra Magnúsar sonar Guðmundar* “kemur fram að Guðmundur hafi verið þátttakandi í kirkjulegu starfi og sagður ætíð reiðubúinn að taka undir lofsönginn til skapara síns. Hjá honum hafi ávallt verið að finna glæðlyndi, lífsgleði og trúnaðartraust og aldrei hafi komið frá honum eitt einasta hnjóðsyrði. Þegar þau hjónin enduðu sína samleið á Dalbraut 23, var eins og lýsti af þeirra hjónabandi“.



Guðmundur og fjölskylda á góðri stundu í bakgarði Hverfisgötu 55.



Hjónin Guðmundur og Helga með syninum séra Magnúsi við prestverk á Hverfisgötu 55, Mynd tekin við skárn Brynjólfs bróður míns 1950.



Tvær peysufatakonur á Hverfisgötu 55, þær Helga Jónsdóttir (Hverfisgötu 29) og Halldóra Ólafsdóttir (dóttir Vigdísar Ketilsdóttur, Grettisgötu 26).

Hverfisgata 33, 35, vestan Klapparstígs. Hús nr. 33 var timburhús með hæð og ris, sennilega reist 1941, en það hús vék síðar fyrir húsi Framsóknarflokksins sem þar stendur nú. Hús nr. 35 er reisulegt timburhús 3 hæðir og ris sem stendur á horni Hverfisgötu og Frakkastígs, sennilega reist 1941 og hýsti um tíma Hattabúðina, stendur enn.



1972. Hverfisgata 33 (*Hús Framsóknarflokksins*) og 35 (*Hattabúðin*).

Hverfisgata 37, 39. Húsið nr. 37 er reisulegt timburhús tvær hæðir og ris, breytt 1987 og stendur enn. Húsið var upphaflega reist fyrir Ámunda Árnason sem rak þar verslun 1905 og var hún rekin undir hans nafni löngu eftir andlát Ámunda 1928. *Hús nr. 39* er stórt steinhús fjórar hæðir og ris byggt 1937. Þar var til húsa matarverslun Halla Þórarins og réð þar ríkjum Óskar Páll Ágústsson (1911-1994) verslunarstjóri. Sonur Óskars var Guðmundur (1945-2017) sem var síðar samtímis mér í læknisfræði við HÍ. Í sama húsnæði rak síðar Halldór (Búri), tengdasonur systur minnar Halldóru, húðflúrstofu til 2016. Í húsi nr. 39 var einnig á uppvaxtarárum mínum Bakarí Bridde en Hermann Bridde (1927-2022) varð síðar nágranni tengdamóður minnar Kristínar Lilju Óskarsdóttur (1923) að Bólstaðarhlíð 45, Reykjavík.



1972. Hverfisgata 37 (*verslunarhús Ámunda*), til hægri Hverfisgata 39 (*Bridde Bakarí*).



2022. Hverfisgata 39 (*steinhúsið*), 41 (*grátt*) og 43 (*blátt*). Þessi húsaröð stendur enn óbreytt.



1971. Hverfisgata 41 ásamt viðbyggingu með verslunaraðstöðu (hér gullsmiður Jóhannes Ó. G).



1971. Hverfisgata 43 fyrir miðri mynd, hús Einars Björnssonar (í kjallara skósmiður).

Hverfisgata 41 og 43. Húsið nr. 41 var hús Sigurðar Gunnbjörnssonar, lítið timburhús ein hæð með risi og kjallara byggt 1936 og með viðbyggingu á einni hæð fyrir rekstur frá árinu 1939. *Húsið nr. 43* hús Einars Björnssonar, timburhús á einni hæð með risi og kjallara byggt 1916. Þar var til húsa í kjallara á uppvaxtarárum mínum skóviðgerðarstofa Ferdínands A Eiríkssonar og síðar hafði þar aðstöðu góðvinur minn Einar Ágústsson (1923-2016) húsasmíðameistari sem smíðaði þar barnarúm er hann var kominn á efri ár.



1970. Hverfisgata 45 (Hús Matthíasar Einarssonar).

Hverfisgata 45 og 47. *Hús nr. 45* var hús Matthíasar Einarssonar (1879-1945) lækni við Franska Spítalann í Skuggahverfinu, steinsteypt fallett hús á einni hæð með risi og kjallara

reist 1918. Matthías var kvæntur Ellen Johannesen Einarsson og áttu þau dótturina Louisu Matthíasdóttur listakonu (1917-2000). Húsið hýsti síðar um tíma sendiráð Norðmanna, síðar Söngskólinn í Reykjavík og frá 2014 gistihús með nafninu Reykjavík Resistance en það rekur jafnframt starfsemi á Veghúsastíg 7 og 9. Húsið nr. 47 var steinsteypt hús Sigríðar Sigfúsdóttur ein hæð með risi og kjallara byggt 1955. Húsið er nú dagheimili fyrir Geðhjálp.



2019. Hverfisgata 45 og 47.

Hverfisgata 49. Húsið á horni Hverfisgötu og Vatnsstígs var geymsluhús á árinu 1929. Karl O Bang (1906-1996) áður verslunarmaður á Ísafirði byggði þar 3.-4. hæða steinhús með inndreginni þakíbúð á árinu 1945 og stendur húsið enn. Í húsinu rak Ingvar Pálsson verslun 1907-1934, úraverslun var þar á mínum uppvaxtarárum en í dag er þar Hárgreiðslustofa Sandros og Verslunin 2001 ehf. sem yngsti bróðir minn Sigurður Þór stofnaði 1993 og sérhæfir sig í innflutningi og sölu eldri og nýrri gerð myndbanda og geisladiska.



1966. Hverfisgata 49 (hvíta steinhúsið). Vatnsstígur 8 og 10B fyrir miðju og til hægri.



2022. Norðurhlið Hverfisgötu milli Vatnsstígs og Frakkastígs. Vatnsstígur 8 (Sund, dökka timburhúsið), Hverfisgata 53, (grátt) 55 (rautt) og 59 (hvítt steinhús). Hús við Hverfisgötu 57 og 61 eru horfin.



1972. Hverfisgata 53, hús Kolbeins skipstjóra.

Hverfisgata 53 var reist árið 1905 af Jörgen Emil Jensen bakara. Það tengist Hverfisgötu 55 með steinsteyptum brandgafli og stendur enn. Jörgen Emil seldi Lárusi Benediktssyni húsið 1910 sem strax seldi það „Völundi“. Kolbeinn Þorsteinsson (1879-1960) skipstjóri kaupir húsið 1911 og bjó þar síðan með konu sinni *Kristínu Vigfúsdóttur* (1883-1947) ásamt 6 börnum þeirra, *Sigfúsi* (1904-1942), *Hrefnu* (1907-1996), *Aðalheiði Sigríði* (1910-1936), *Baldri* (1914-1981) og *Ingibjörgu Ágústu* (1914-1981). Kristín kona Kolbeins var þremmingur við Brynjólf Gunnarsson eiginmanns Helgu Ketilsdóttur sem gæti verið ástæða þess að Helga keypti Hverfisgötu 55 á árinu 1912. Dæturnar Hrefna og Ingibjörg Ágústa bjuggu síðan lengst af í húsinu með fjölskyldum sínum. Ingibjörg Ágústa bjó á rishæðinni ásamt eiginmanni sínum Svavari Sigurðssyni (1912-1976) brunaverði og og eignuðust þau 4 börn: *Aðalheiði* (1937-2013), *Jóhönnu* (f. 1940), *Sigfús* (1944-2011) brunavörð og *Kristínu* (f. 1947). Hrefna bjó á neðri hæðinni ásamt eiginmanni sínum *Leifi Ásgeirssyni* (1903-1990) stærðfræðingi og prófessor við verkfræðideild HÍ og áttu þau tvö börn: *Kristínu* (1935-2001) kennara og blaðamann og *Ásgeir* verkfræðing og iðnráðgjafa (1941-2018).



Frumbyggjar á Hverfisgötu 53. Kolbeinn Þorsteinsson skipsstjóri, frú Kristín Vigfúsdóttir og börn þeirra: Aðalheiður Sigríður, Þóra Guðný, Hrefna, Baldur, Ingibjörg Ágústa og Sigfús Ingvar.



Hrefna Kolbeinsdóttir, prófessor Leifur Ásgeirsson og börn þeirra: Kristín og Ásgeir.



Ágústa Ingibjörg Kolbeinsdóttir, Svavar Sigurðsson verslunarmaður og brunavörður og börn þeirra: Sigfús, Kristín, Aðalheiður og Jóhanna.



Leifur Ásgeirsson (eiginmaður Hrefnu) og Hverfisgata 53.

Síðar eignuðust *Signý Guðmundsóttir* (f. 1939) kennari gift *Ágústi Guðmundi Berg* arkitekt (1939-2012) og synir þeirra þrír húsið, en faðir Signýjar var séra *Guðmundur Benediktsson* (1901-1987) á Barði í Fljótum. Guðmundur var ættaður frá Hrafnabjörgum í Austur-Húnavatnssýslu og bjó á námsárum sínum á Hverfisgötu 55 en *Signý* dóttir hans dvaldi þar einnig um tíma er hún stundaði nám við Kennaraskólann í Reykjavík. Nán tengsl voru ætíð milli Barðs fólksins og fjölskyldu minnar Sjá nánar nánari lýsingu í (I) hluta þessa yfirlits (*Barð Í Fljótum, bls. 53*)).



1972. Hverfisgata 55 og til vinstri Hverfisgata 53. Hverfisgata 55 er hús Helgu Ketilsdóttur.



2019. Hverfisgata 55 stendur enn þrátt fyrir aðför borgaryfirvalda og athafnamanna í byrjun aldarinnar, garður og úsýni yfir sundin heyra þó sögunni til vegna nýbygginga við Lindargötu.

Hverfisgata 57 var steinhús, ein hæð með kjallara og óinnréttuðu risi og áfast Hverfisgötu 59 með brandgafli. Gestur Kristinn Guðmundsson (1881-1931) skipstjóri reisti þetta hús 1925 og er hann lést bjó þar ekkja hans Ragnheiður Sigurbjörg Jónsdóttir (1878-1962) húsfreyja. Synir þeirra voru Sigurður P. Gestsson (1917-1994) og Victor J Gestsson (1908-1999) læknir. Húsið hefur nú verið endurbyggt í sömu hæð og Hverfisgata 59.


Hverfisgata 57A (bakhús) var reist 1938 af *Sigurjóni Sigurðssyni* sem bárujárnsklætt timburhús með risibúð, aðalhæð og kjallara en hefur nú verið rífið. Á mínum uppvaxtarárum bjó þar *Guðný Fanný Benónýs* (1896-1975) kaupakona frá Ísafirði gift *Georg Thordal Finnssyni* (1884-1936) frá Hamri í Borgarfirði, kaupmaður við Laugaveg 53 B, en hann var einn af stofnendum KFUM. Þau hjón eignuðust 4 börn, *Fjólu* (1917-1937), *Óla Ragnar* (1919-1979), *Hjördísi* (1928-2013) og *Dóru* (1935). Fanney stofnaði síðar Sængurfatagerðina 1940 á Hverfisgötu 57A í lágreistri samliggjandi byggingu norðan við húsið. Dóra dóttir hennar og tengdasonur *Ásgeir Stefánsson* (1931-1994) tóku síðar við rekstrinum og sameinuðu það Nýju fiðurhreinsuninni 1972 sem fluttist að Baldursgötu 36.



Guðný Fanný Benónýs og Hverfisgata 57A, með Lindargötu 44 A-B í baksýn.

Hverfisgata 59 var í minni bernsku alltaf kallað Stóra Steinhúsið þar sem það var 3. hæða steinhús með risi og kjallara. *Einar Pétursson* þekktur trésmíðameistari hér í bæ, orðaður fyrir atorku og dugnað, reisti húsið árið 1928 og bjó þar með konu sinni *Kristínu Ottesen Jónsdóttur* (1885-1918). Það var á vesturhlið og austurhlið tengt með brunaveggjum við tvö mun lægri steinhús nr. 57 og 61 við Hverfisgötu. Húsið hefur nú fengið andlitslyftingu með hækkun á risi og breytingum á aðliggjandi húsum sem hafa fengið hækkun í sömu hæð og húsið nr. 59. Í húsi nr. 59 hafa verið til húsa ýmsar verslanir m.a. byggingaverslun Ísleifs Jónssonar til 1939 og í mínum uppvexti mjólkurbúð og fatahreinsun.

Synir Einars eignuðust síðan húsið en þeir voru (a) *Gústaf Bergmann Einarsson* (1916-2004) stýrimaður kvæntur *Ólöfu Kristínu Þorgeirsdóttur* (1916-2004) og áttu þau 3 börn, dóttur sem lést eftir fæðingu 1948, *Einar Bergmann* (1949) og *Kristínu Erlu* (1953) sem var tíður gestur á Hverfisgötu 55; (b) *Kristinn Einarsson* (1918-1984) klæðskerameistari kvæntur *Helgu Helgadóttur* (f. 1918) og áttu þau einn son *Einar Axel* (1950) vélfræðingur og góðvinur Brynjólfs bróður míns. Þeir bræður eiga ættir sínar að rekja í föðurætt til Heiðarbæjar í Þingvallasveit en í móðurætt til Ingunnarstaða í Brynjudal. Bræðurnir voru frekar ólíkir í útliti og háttum, Kristinn fínlegri en Gústaf grófari og meiri átakamaður í öllu háttum.



Horn Hverfisgötu og Frakkastígs vestanvert fyrir 1950. Til vinstri er hornið á Hverfisgötu 62 (Tindastóll) og til hægri er austari gafl húss nr. 55 og síðan hús nr. 57, 59 (Stóra steinhúsið), Lúllabúð og hús nr. 61 (mynd í eigu Kristínar Gústafsdóttur sem ólst upp í húsi nr. 59).

Gústaf Bergmann starfaði á síðutogurum frá Hafnarfirði, síðan hjá Kveldúlfi í Reykjavík og loks sem yfirverkstjóri hjá Tollvörugeymslunni frá 1963 til æviloka. Hann sinnti einnig ýmsum trúnaðar- og félagsstörfum á vegum Sjálfstæðisflokksins og var virkur félagi í Vélstjórafélagi Reykjavíkur. Ólöf kona Gústafs var dóttir Þorgeirs Jörgenssonar stýrimanns og konu hans Louise Símonardóttur og ólst upp á Njálsgötu 47 í Reykjavík ásamt 7 systkinum. Hún mun á yngri árum hafa stundað fimleika, handknattleik og skíði og lærði lífstykkjasaum hjá frú Elísabetu Foss í Lífstykkjabúðinni. Hún keypti síðar ásamt bróður sínum Lúðvík í Lúllabúð o.fl Lífstykkjabúðina og rak hana til 1952.



Hjónin Gústaf Bergmann Einarsson og Ólöf Kristín Þorgeirsdóttir. Kristinn til hægri.

Kristinn nam klæðskerasaum hjá Axel Andersen klæðskerameistara og hlaut meistarabréf 1942. Hann stofnaði þá ásamt konu sinni fyrirtæki með klæðskerasaum og fatahreinsun á Hverfisgötu 59. Kristinn veiktist 1959 og átti eftir það við heilsubrest að stríða. Kona hans gekk þá af dugnaði í störf hans en fjölskyldan flutti 1967 í Holtagerði 46 í Kópavogi.

Hverfisgata 59B (*bakhús*) var tvílyft bárujárnsklætt timburhús með rishæð, aðalhæð og kjallara. Það stóð áður á lóð hússins nr. 59 en Einar Pétursson flutti það og staðsetti á baklóð norðan við nýtt hús á lóð nr. 59. Þetta hús var alltaf í eigu eigenda Hverfisgötu 59 og nýtt til útleigu þar til það eyðilagðist í bruna um 1976 og var þá rífið.



Franz Jezorski (1905-1989) klæðskeri og Hverfisgata 59B, bakhús aftan við Hverfisgötu 59.

Á mínum uppvaxtarárum bjuggu m.a. Björgvin Ólafur Borgfjörð (1913-1970) pípulagningarmeistari og Aðalheiður Ingibjörg Valdimarsdóttir (1920-1976), dugmikil saumakona, á miðhæð og kjallara hússins. Bæði hjónin dóu af slysförum þó ekki á sama tíma. Þau áttu tvö myndarborn Reyni B (1942-1993) og Grétu (1948-2016). Dóttirin Gréta tíður gestur á heimili foreldra minna og vann síðar lengst af við umönnun barna á dagheimilum. Reynir átti aftur á móti síðar erfitt uppdráttar vegna óreglu. Á efri hæð hússins bjó um tíma *Franz Jezorski* (1905-1989) klæðskameistari með konu sinni *Kristínu Guðmundsdóttur* (1911-1995) frá Hóli í Hörðadal í Dalasýslu og tveir synir þeirra *Franz* (f. 1940) og *Guðbrand* (f. 1943) síðar gullsmiður en við Guðbrandur umgengumst nokkuð á þeim tíma.

Hverfisgata 61 á norðurhorni Hverfisgötu og Frakkastígs voru á mínum uppvaxtarárum í reynd fjögur sambyggð hús tengd með brunavegg við Hverfisgötu 59 auk frítt standandi steinkastala. *Guðjón Gíslason* (1870-1933) skósmiður frá Hellnanesi Þingeyjasýslu fékk þessa lóð á horni Hverfisgötu og Frakkastíg úthlutaða 1901 og byggði þar fyrst í áföngum timburhús, hæð, ris, kjallara og inngönguskúr, á horni lóðarinnar. Þar var til húsa í kjallara skósmíðaverkstæði *Ferdínands Róberts Eiríkssonar* (1891-1978) sem bjó í húsinu ásamt eiginkonu sinni, sem var systurdóttir Guðjóns, en hann flutti verstæðið síðar að Hverfisgötu 41. Ferdínand og Helga Ketilsdóttir á Hverfisgötu 55 voru fjórmenningar í föðurætt Helgu. Guðjón byggði síðan á árinu 1927 steinkastala norðan við timburhúsið og var þar til húsa brauð- og mjólkurbúð til 1933. Guðjón byggði síðan 1931 geymsluhús vestar á lóðinni (Heimild: Dagur Tíminn 1.03.1997, Húsin í bænum, Freyja Jónsdóttir). Í steinkastalanum rak systir mín Halldóra um tíma fyrirtækið “Blóm og Postulín“ og bróðir minn Sigurður Þór hóf þar rekstur verslunarinnar “2001 hf“ en flutti reksturinn síðan að Hverfisgötu 49.


Við andlát Guðjóns keypti *Lúðvík (Lúlli) Thorberg Þorgeirsson* (1910-1996) eignirnar á Hverfisgötu 61 og hóf rekstur Lúllabúðar að Hverfisgötu 59. Lúlli byggði síðan 1941 nýtt hús fyrir Lúllabúð á lóð Hverfisgötu 61 sem var samtengt húsunum nr. 59 og 61. Lúllabúð var steinsteypt hús á einni hæð og tengt geymsluhúsinu sem var norðar á lóðinni nr. 61. Eftir að rekstri Lúllabúðar lauk var þar um tíma starfrækt *Gallerí Klósett*. Öll þessi hús hafa verið rifin og þar hafa nú risið 3-4 hæða samtengd steinsteypt hús á lóðum Hverfisgötu 57- 61, allt frá Hverfisgötu 55 að Frakkastíg 6 A.

Lúllabúð var á sínum tíma vel þekkt verslun og versluðu þar margir þó svo þeir byggju langt þar frá. Það var nokkuð viðtekin venja á þessum tíma að viðskiptamenn voru í reikningi hjá versluninni og greiddu þá reikninga um mánaðarmót. Þar réði Lúlli ríkjum en aðrir starfsmenn

verslunarinnar, sem síðar tóku við rekstri hennar, voru *Halldór Geir (Dóri)* (1930-2009) sonur Lúlla og *Unnsteinn Sigurjónsson (Steini)* (1931-2002). Lúlli og synir voru miklir stuðningsmenn Fram og sat Lúlli og sonur hans Birgir um tíma í stjórn þess félags.



Lúlli í Lúllabúð.




Dóri sonur Lúlla (til vinstri) og Steini í Lúllabúð.

Þeir Dóri og Steini voru sérlega viðræðugóðir einstaklingar og var Dóri áhugasamur um knattspyrnu og mikill Frammari. Kona Dóra, *Nanna Dís Óskarsdóttir* (1929-1994), starfaði einnig um tíma í versluninni. Dóri hóf búskap milli 1951-1959 með konu sinni Nönnu í báruklædda timburhúsinu á hornlóðinni að Hverfisgötu 61 og Steini bjó þar síðar um tíma með seinni konu sinni og fjölskyldu. Móðir Steina bjó þá einnig á neðri hæð hússins en annars var það hús að mestu í útleigu. Eftir að rekstri Lúllabúðar lauk var þar um tíma *Gallerí Klósett*.

Hverfisgata 63 stendur á austanverðu horni Frakkastígs og Hverfisgötu, bárujárnsklætt timburhús með risibúð, aðalhæð og kjallara. Húsið var byggt árið 1900 og festi *Hans Pétur Hansson* (1869-1927) kaupmaður kaup á því 1923 og bjó þar með konu sinni *Bjarnfríði Sigurðardóttur* (1879-1948) og tveimur börnum *Haraldi (Halli) Líndal Péturssyni* (1912-1980) innheimtumanni og *Guðrúnu Kristínu Pétursdóttur* (1913-1991). Guðrún eignaðist soninn *Hans Pétur Steingrímsson* (f. 1943) með *Steingrími Þorleifssyni* (1914-1975) og var Pétur ágætis félagi minn á unglingsárunum, áhugamaður um alla tækni og komst m.a. í blöðin á unglingsaldri fyrir rekstur ólöglegar útvarpsstöðvar að Hverfisgötu 63 með tónlist fyrir ungt fólk. Hann sá síðar um tónlistarþátt unga fólksins á RÚV áður en hann stofnaði raftækjaverslunina Japis. Pétur seldi síðar á árinu 1990 systur minni *Halldóru* húsið að Hverfisgötu 63 þar sem hún býr enn og hýsti þar um tíma foreldra okkar þegar húsið að Hverfisgötu 55 skemmdist mikið í eldi á árinu 1995. Hverfisgata 63 stendur enn óbreytt á horni Hverfisgötu og Frakkastígs. Systir mín rak um tíma fyrirtækið “*Brúðkaupsskreytingar*“ í hliðarbyggingu norðanvert við húsið.



2016: Hverfisgata 59, 61 og 63. Í baksýn nýlegt fjölbýlishús fyrir stúdenta við Lindargötu.



Hverfisgata 63 og Haraldur (Halli) Líndal Pétursson (1912-1980).



Guðrún Kristín Pétursdóttir (1913-1991), til hægri með móður sinni Bjarnfríði Sigurðardóttur (1879-1948).



2022. Norðurhlíð Hverfisgötu í austur frá Frakkastíg (Hverfisgötu 63).



1971. Hverfisgata 65 og 65 A í baksýn.



1971. Hverfisgata 67 og 69. Söluturninn Dísarfell áður, síðar Flórída er nr. 69.



1964. Hverfisgata 71 Jónasarbúð. Til hægri hús nr. 73.



1972. Hverfisgata 75A-B á vestanverðu horni Vitatorgs, Hverfisgata 73 til vinstri.



2018. Hverfisgata 75A-B við vesturenda Vítatorgs.



2022. Lindargata 64 við Hverfisgötu er hluti Gulur húsanna fyrir eldri borgara við Vítatorg.



2022. Bílastæðahús við Vítatorg vestan við Bjarnarborg.



1965. Hverfisgata 83 á austanverðu horni Hverfisgötu og Vítastígs. Bjarnarborg var fyrsta fjölbýlishúsið á Íslandi, byggt 1902.



1958, Hverfisgata 85, 87, 89, 91. Þessi hús eru öll horfin.



1972. Hverfisgata 85.



1972. Hverfisgata 85, Bjarnaborg í baksýn.



1972. Hverfisgata 87 og nr. 89 til hægri eru nú rifin.



1972. Hverfisgata 91 hefur verið rifilð, í baksýn er Skúlagata 32-34.



2022. Norðurhlið Hverfisgötu í austur frá Bjarnarborg við Hverfisgötu 83. Nýbyggingar við Hverfisgötu 85-93 til hægri.



2022. Norðurhlið Hverfisgötu í vestur frá Barónsstíg 4 (Barónsfjósíð). Til vinstri nýbyggingar við Hverfisgötu 85-93.



2022. Gatnamót Hverfisgötu og Barónsstígs, séð til norðurs. Barónsstígur 4 (Barónsfjósíð) og 2 (Barónshótelíð, til hægri Barónsstígur 3 og 5 og háhýsi við Skúlagötu 40.



2018. Hverfisgata á horni Barónsstígs og horft til austurs. Barónsstígur 5 lengst til vinstri, síðan Hverfisgata 99A, 101, 101A og 103 og fyrir endanum sést í hús við Hlemm Hverfisgötu 115. Til hægri eru hús við suðurhlíð Hverfisgötu nr. 98-108.



1950-1960. Hverfisgata 103, Hekla hf.



1951-1955. Hverfisgata 103, Hekla hf og P Stefánsson hf. Til vinstri sést hornið á Hverfisgötu 101A og í baksýn hús við Barónsstíg 4 (Barónsfjosið) og Barónsstíg 2.



2019. Hverfisgata 103.



2019. Gatnamót Hverfisgötu og Snorrabrautar á gömlu Heklulóðinni.

Hverfisgata sunnanvert að Snorrabraut

- Á svæðinu frá Lækjargötu að Traðarkotssundi standa húsin óbreytt.

- Á svæðinu frá Traðarkotssundi að Smiðjustíg hafa horfið 6 hús og í þeirra stað risið bílastæðahús nr. 20 við Hverfisgötu.

- Á svæðinu frá Smiðjustíg að Klapparstíg (Hljómlindarreitur) hafa orðið umfangsmiklar breytingar og þar horfið eða verið endurbyggð um 12 hús allt upp á Laugaveg (Hverfisgata 28-34, 32A-B, Laugavegur 17, 19, Smiðjustígur 4, 6 og Klapparstígur 28, 30) og í stað þeirra risið hótél, veitingarhús.

- Á svæðinu frá Klapparstíg að Vatnsstíg (Brynjureitur) hafa 8 timburhús (Hverfisgata 40-46, 44A, Laugavegur 23, 27A- B) horfið og ný steinhúsa risið í þeirra stað allt upp að Laugavegi.

- Á svæðinu frá Vatnsstíg að Frakkastíg (hér nefndur Paradísarreitur) hafa 9 hús horfið (timburhús við Hverfisgötu 54, 58 60, 62, 58A, 60A, Laugavegur 41A, 43B og steinhús við Vatnsstíg 4 og 8). Ný steinhúsa rísa þar í þeirra stað.

- Á svæðinu frá Frakkastíg að Vitastíg hafa á síðustu öld horfið 3 hús (Hverfisgata 66-70 (nú bílastæði) og Hverfisgata 80 (nú lóð án húss). Á þessu svæði hafa einnig orðið breytingar á lóðum við Laugaveg umhverfis Kjörgarð Laugavegi 59.

- Á svæðinu frá Vitastíg að Barónsstíg (hér nefndur Landsbankareitur) hafa horfið 8 hús við Hverfisgötu (86-96) og Barónsstíg (6, 8) vegna endurbygginga við og neðan við Landsbankahúsið við Laugaveg 77.

- Á svæðinu frá Barónsstíg að Snorrabraut standa nánast öll hús óbreytt en húsin við Laugaveg hafa verið endurbyggð á einn eða annan hátt, síðast Laugavegur 97.

Hverfisgata 4, 6, 8 og 10. Á lóð 4 og 6 reisti *Obenhaupt* þýskur gyðingur stórhýsi sem síðar komst í eigu *Garðars Gíslasonar* stórkaupmanns, en Garðar rak einnig sláturhús að Hverfisgötu 6 auk skrifstofu í Skotlandi (*Lesbók Mbl.* 18.02.1989). Húsinu var síðar stækkað og stendur enn ofan við Stjórnarráðið og þar hefur menntamálaráðuneytið haft aðstöðu. Á lóð nr. 8 og 10 var reistur bráðabirgðaskúr 1920 fyrir fulltrúaráð verkalýðsfélaganna áður en nýtt Alþýðuhús var tekið í notkun 1936. Bráðbirgðaskúrarnir munu síðar hafa verið fluttir á þá lóð við Skúlagötu sem er við hlið núverandi Sjávarútvegshússins. Í Alþýðuhúsinu voru skrifstofur verkalýðsfélaga, Alþýðuflokksins, Alþýðublaðsins, Ingólfskaffi, Alþýðuprentsmiðjan, Skattstofan, Hagstofan en það hús hýsir nú *101 hótél*.



1944. Hverfisgata 4 hús *Obenhaupt* síðar *Garðars Gíslasonar*, hús merkt *Bifröst* er nr. 6 og aftan við *Bifröst* er bakhús nr. 6A.




2022. Hverfisgata 4-10. Neðst til hægri Stjórnarráðið byggt sem fangelsi 1771-1816 (Múrinn), síðar fyrsta íslenska ráðuneytið 1904 og Stjórnarráðið frá 1918.

Hverfisgata 12, 14, 16, 18, 20 milli Ingólfsstrætis og Smiðjustígs. Þessi hús standa enn að undanteknu Hverfisgötu 20 sem var steinbær (Traðarkot við Traðarkotssund) sem hefur vikið fyrir bílastæðahúsi sem nú stendur á horni Hverfisgötu og Smiðjustígs (hús með rauðu bylgjulaga þaki ofarlega á mynd hér að neðan).



Hverfisgata 12 (hornhúsið), 14, 16, 18, 20 sunnanvert og vestan Ingólfsstrætis.

Hverfisgata 12 er byggt 1910 fyrir Guðmund Hannesson lækni en það er í dag rekið sem veitingarhús, m.a. Dill sem hlotið hefur Michelin stjörnur.



Hverfisgata 18 við hlið Bílastæðahússins að Hverfisgötu 20.

Hverfisgata 18. Árið 1906 reistu Pétur Brynjólfsson ljósmyndari (1880-1930) og Gestur Einarsson umboðssali þetta glæsilega hús. Pétur hlaut fyrstur íslenskra ljósmyndara titilinn konunglegur hirðljósmyndari. Hann bjó ásamt konu sinni Henny Cerland á Hverfisgötu 18 þar sem hann hafði einnig ljósmyndastofu og Henny kenndi mörgum Íslendingum á píanó. Árið 1918 er Ólafur G. Eyjólfsson orðinn eigandi að Hverfisgötu 18 og bjó þar með konu sinni Jónínu Magnúsdóttur. Ólafur G. Eyjólfsson var bæði kaupmaður og útgerðarmaður og skólastjóri Verslunarskólans. Í hans tíð voru tvær íbúðir í húsinu á annarri hæð og risi, en skrifstofur og vörulager niðri. 1917 lét Ólafur G. Eyjólfsson, þáverandi eigandi, byggja veggvalir á húsið. Í annarri íbúðinni bjó um tíma Emil Nielsen, fyrsti framkvæmdastjóri Eimskipafélags Íslands.

Árið 1923 er tryggingafélagið Danske Lloyd eigandi að húsinu þar til ársins 1931 að Jóhann Ólafsson og Co. kaupa eignina. Eftir það voru gerðar á húsinu miklar endurbætur og það allt tekið undir skrifstofur og vörugeymslur. Jóhann Ólafsson breytti neðri hæð hússins í sölubúð og líklegt er að hann hafi þá tekið af svalirnar, gluggann og glerþakið á ljósmyndastofunni. Þetta er þó ekki vitað fyrir víst. Þrír gluggar voru settir þar sem stóri glugginn á ljósmyndastofunni var. Stórt bifvélaverkstæði var einnig á lóðinni en Jóhann Ólafsson og Co. var með umboð General Motors, flutti inn bíla og varahluti og mikið af öðrum vörum.

Eftir að Jóhann Ólafsson & Co. ehf. fluttu starfsemina í nýtt húsnæði í Sundaborg árið 1974 var húsið leigt út. Þar var m.a. til húsa Innkaupastofnun Reykjavíkur, Strætisvagnar Reykjavíkur og lengi vel Miðbæjarráðió, Ljósmyndastofan Svipmyndir, einnig arkitekta- og verkfræðistofa og ýmiss önnur fyrirtæki (<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/620668/>).



Mynd til vinstri. Hverfisgata 20, Traðakot 1935-1950 og þar að baki er Hverfisgata 18 og til vinstri hús við Traðakotssund. / Mynd til hægri: bílastæðahús að Hverfisgötu 20, tekið í notkun 1992.

Hverfisgata 20 og Smiðjustígur 5a. Hús nr. 20 var steinbær reistur skömmu fyrir 1900 og rifinn 1960, síðar var þessi lóð sameinuð lóð Smiðjustígs 5a sem var á vestanverðu horni Hverfisgötu og Smiðjustígs. Á lóð Smiðjustígs 5a stóð tvílyft timburhús reist af Pétri Péturssyni lögreglumanni. Sonur hans Helgi Pétursson jarðfræðingur og heimsspekingur bjó þar til æviloka 1949 en húsið rífið á 7. áratugnum. Á sameinaðri lóð þessara húsa nr. 20 við Hverfisgötu var síðar reist bílageymsluhús með aðstöðu fyrir veitingahús.

Hverfisgata 26, 28, 30, 32, 34.

Þessi hús mynda norðurhlið Hlómlindarreitsins sem stendur annars vegar milli Laugavegs og Hverfisgötu og hins vegar milli Smiðjustígs og Klapparstígs. Á þessum reit hafa nær öll hús verið endurbyggð fyrir utan steinhúsin á Hverfisgötu 26 og byggingar á horni Klapparstíg og Hverfisgötu sem eru nánast óbreytt.



Hverfisgata 28, byggt 1905. Sigríður Zoega starfaði þar sem ljósmyndari. Endurbyggt að hluta 2017 með viðbyggingu við Hverfisgötu 26 (Sparisjóður Reykjavíkur og Regnfatabúðin).



Hverfisgata 30, en þar hafa nú risið nýrri byggingar.

Hús nr. 30 var reist 1906 af Garðari Gíslasyni (1876-1959) kaupmanni sem kallaði það Garðarshólma og stofnaði þar glæsilega fataverslun 1909 sem hann nefndi Dagsbrún. Verslunin þótti þó standa of fjarri miðbænum og seldi hann því húsið 1913 og keypti í þess stað nýbyggt stórhúsi á Hverfisgötu 4 sem stendur enn ofan við Stjórnarráðið. Húsið var lengi í eigu fjölskyldu Garðars en hýsir nú hluta af starfsemi Stjórnarráðsins.



Hverfisgata 32 og 34 byggð 1904 skömmu fyrir niðurrif vegna nýbygginga á Hjómalindarreit. Bakhúsin við Hverfisgata 32A-B hafa einnig horfið.

Hjómalindarreitur er nýbyggingareitur þar sem Hverfisgata 26, 28, 30, 32, 34 (milli Smiðjustígs og Klapparstígs) og Klapparstígur 26 mynda norðurhlíð reitsins. Þar hafa nær öll hús verið endurbyggð eða rifin fyrir utan steinhúsin við Klapparstíg 26 og steinhús við Hverfisgötu 26 sem eru nær óbreytt.



Hjómalindarreitur.



2017. Norðurhlíð Hjómalindarreitsins. Hverfisgatan í vestur frá Klapparstígs 26 lengst til vinstri.



2017. Norðurhlíð Hjómalindarreitsins. Hverfisgatan í austur frá Hverfisgötu 26 á horni Smiðjustígs og Hverfisgötu. Smiðjustíg.



2017. Hverfisgata milli Klapparstígs og Vatnsstígs samanstendur af húsaröð milli Klapparstígs 25 (hvítur gafl í fjarska) og Hverfisgötu 50 (næst í mynd).



2022. Hverfisgata í austur frá Klapparstíg með nýbyggingum við Hverfisgötu 40-44.

Hverfisgata 40 stóð austan við skrifstofubyggingu að Klapparstíg 25 sem er á eystra horni Klapparstígs og Hverfisgötu. Það var timburhús með hæð, rishæð og steypum kjallara og stóð út í götuna og finnst á teikningum frá 1928 en var rifið eða flutt á seinni hluta síðustu aldar til að rýmka fyrir umferð ökutækja.



1972. Hverfisgata 40 og til vinstri hornið á Hverfisgötu 42.

Hverfisgata 42. Hús nr. 42 var fyrst skúr byggður 1905, síðan bætist við smíðahús 1910 og annar skúr 1913. Á árinu 1941 er komin teikning af húsi sem var byggt af Einari Ásmundssyni (1901-1981) forstjóra Sindra en húsið var rifið 2016. Einar og langamma mín í föðurætt Kristjana Margrét Sigurðardóttir (1850-1904) voru þremmenningar.



Einar Ásmundsson í Sindra og sonur hans Ragnar Einarsson til hægri.

Hús Einars var 4. hæða steinhús auk rishæðar, á annarri hæð voru skrifstofur og á neðstu hæð var verslun Sindra tengt smiðju og lager í bakhúsi á lóðinni. Einar bjó á rishæðinni ásamt konu sinni Jakobínu Hansínu Þórðardóttur (1903-1988) og áttu þau 8 börn: Ásgeir (1927-2001), Ásmundur (1929-1965) lést af slysförum, Þórður (1930), Sigríður (1933), Óskar Helgi (1936-2017), Magnús (1938-1963) lést af slysförum, Ragnar (1943-2001) og Björn (1946).



Fjölskylda Einars ásmundssonar Hverfisgötu 42.



2016-2017. Hverfisgata 42 á ári niðurrifs, timburhúsið að Hverfisgötu 44 og bakhúsið þar sem trúfélagið Fíladelfía stóð áður er horfið.



2017. Hverfisgata 42 í niðurrifsferli.

Við Ragnar næstingsti sonurinn vorum góðir vinir frá 13 ára aldri. Þrátt fyrir að við værum báðir uppaldir við Hverfisgötuna í Reykjavík, annar í húsi númer 42 og hinn í húsi númer 55, hófust náin kynni okkar ekki fyrr en eftir barnaskóla. Á þessum aldri eru vináttubönd mjög háð skólagöngu og skipan í bekki og það var því ekki fyrr en í gagnfræðaskóla að náin kynni

okkar Ragnars hófust í gegnum frænda hans og sambekking minn, Ásmund, sem var frá Grundarfirði og bjó í skólavist hjá foreldrum Ragnars, Jakobínu og Einari. Á þessum tíma unnu fjórir elstu bræður Ragnars, þeir Ásgeir, Ásmundur, Þórður og Óskar, við fyrirtæki föður síns og bjuggu með fjölskyldum sínum á Hverfisgötu 42 en Sigríður bjó á Ægisíðu ásamt sinni fjölskyldu. Hluti hússins var í útleigu. Samskipti mín við fjölskylduna að Hverfisgötu 42 hafa ætíð verið góð og er vísað til minningarorða sem ég ritaði um Ragnar í Mbl. 18.04.2001 (bls. 64). Einar og Jakobína fluttu síðar að Háuhlíð 20 sem áður var hús Jóns Sigurðssonar slökkviliðsstjóra og Karenar Petrea Guðmundsdóttir (1911-2002) systurdóttur afa míns Kristjáns Jónassonar lögregluþjóns. Hverfisgata 42 var rifin 2016-2017 ásamt nærliggjandi húsum og þar risið ný steinsteypt samliggjandi hús á fjórum hæðum.



2019. Nýbyggingar við Hverfisgötu 40-44. Norðurhlíð á nýjum skipulagsreit (Brynjureitur).

Hverfisgata 44 og 46. Húsin nr. 44 voru tvö, annað reisulegt tveggja hæða bárujárnsklætt timburhús með risibúð og kjallara byggt 1908 sem var flutt á aðra lóð að Bergstaðastræti 18. Á baklóðinni var byggt hús á árinu 1925 sem var samkomuhús trúfélagsins Fíladelfíu allt þar til Fíladelfía flutti í núverandi húsnæði í Hátúni 2. Bakhúsið hefur verið rífið. Húsið nr. 46 fannst á teikningu frá 1939 sem timburhús með risibúð, aðalhæð og kjallara og var rífið þar sem það stóð út í götuna. Þar var 1980-1985 byggt 3. hæða hús með þakíbúð (penthouse) og tengist jarðhæðin geymsluhúsum á baklóð Laugavegs nr. 29 (geymslur verslunarinnar Brynju).



Bakhús Hverfisgötu 44 skömmu fyrir niðurrif, áður kaffistofa Samhjalpar.



1972. Hverfisgata 44, Vogue (var flutt að Bergstaðastræti 18).



1956. Hverfisgata 50, glerhýsið er hús Péturs Guðjónssonar, til hægri Hverfisgata 46 (nú horfið).

Hverfisgata 50. Hér eru nú þrjú hús staðsett á suðurhorni Hverfisgötu og Vatnsstígs, tvö steinsteypt hús og tignarlegt timburhús, tvær hæðir með risibúð, turni og kjallara og var kallað Höllin. Það var byggt af Sveini Sigfússyni kaupmanni 1904. Garðar Gíslason, sem síðan stofnaði verslunina Dagsbrún að Hverfisgötu 30, bjó þar um skeið áður en *Guðjón Jónsson* (1885-1958) keypti húsið 1917. Guðjón rak þar verslun einkum við sveitamenn um áratugaskeið og var þá hesthús og hestarétt við Höllina og mjög líflegt á svæðinu þar sem vagnalestin náði allt frá Klapparstíg að Frakkastíg. Guðjón kvæntist Sigríði Pétursdóttur (1887-1972) og áttu þau 3 börn. Eftir 1950 var þar verslunin Hjá Báru en Bára (1922-2006) var gift Pétri (1926-1983) syni Guðjóns. Synir Guðjóns byggðu síðar tvö önnur hús sitt hvoru megin við Höllina. Vestan megin við Hverfisgötu er steinsteypt 4 hæða hús klætt með glerframhlið (Glerhöllin) byggt 1952-1965 og sunnan megin við Höllina við Vatnsstíg er annað 5 hæða steinsteypt hús byggt 1954-1965. Bæði hliðarhúsin hafa verið nýtt sem íbúðar- og skrifstofuhúsnaði.



Guðjón Jónsson og Hverfisgata 50.



1976. Bára Sigurjónsdóttir og Pétur Guðjónsson í versluninni Hjá Báru Hverfisgata 50 / Mynd til hægri frá 1956: Glerhöllin Hverfisgata 50 með Hverfiskjötbúðinni og söluturn á jarðhæð.



1972. Höllin Hverfisgata 50 með versluninni 1001 nótt og Rafvéla verkstæði.

Brynjureitur er nýbyggingareitur sem liggur annars vegar milli Laugavegs og Hverfisgötu og hins vegar milli Vatnsstígs og Klapparstígs. Þessi reitur er sambland eldri bygginga og nýrra steinsteypra bygginga þar sem Hverfisgata 40-50 mynda norðurhlíð reitsins.



Brynjureitur er nýbyggingareitur milli Vatnsstígs og Klapparstígs séður í norður frá Laugarvegi. Klapparstígur 25 og Hverfisgata 40-50 mynda norðurhlíð þessa reits.

Hverfisgata 52 á austurhorni Vatnsstígs og Hverfisgötu var steinbær frá 1898. Árni Jónsson reisti þar hús 1930 sem á teikningum frá 1939 er merkt hús KRON og virðist húsið af afstöðumyndum ná einnig yfir lóð nr. 6 við Vatnsstíg. Það er steinsteypt 3 hæða hús með

risíbúð og hýsti á mínum uppvaxtarárum verslunina KRON (Kaupfélag Reykjavíkur og Nágrennis) en síðan ýmsa aðra starfsemi og hefur nú að hluta verið breytt í íbúðarhúsnæði.



2022. Hverfisgatan 52-62 milli Vatnsstígs og Frakkastígs.



1989. Hverfisgata 54 Regnboginn.

Hverfisgata 54 og 56 eru timbur- og geymsluskúr á teikningum frá 1918 sem síðar tóku breytingum og hýstu Timburverslun Árna Jónssonar. Á teikningum frá 1938 er húsið nr. 56 þrjár hæðir og risi en húsið nr. 54 var lægra og stóð ofar í lóðinni en milli húsanna var birgðageymsla timburverslunarinnar. Í húsi nr. 54 var um tíma Bílabúðin, verslun með varahluti í bíla, í eigu Þorbergs Péturs Sigurjónssonar (1904-1975) frá Keflavík. Þorbergur bjó ásamt fjölskyldu sinni á efri hæð hússins en verslunin var á neðri hæð. Birgðageymsla timburverslunar Árna Jónssonar var aftan við hús nr. 56 og náði alveg upp að húsi nr. 39 við Laugaveg (hús Andersen og Lauth) þannig að innangengt var í á 3. hæð Hverfisgötu 56 frá Laugavegi yfir þakplötu birgðageymslunnar. Efstu hæð og risi hússins nr. 56 var á árinu 1990 breytt í 3 íbúðir með aðkomu frá Laugavegi en á neðstu hæð hússins hefur nú lengi verið indverskur veitingarstaður, Austur-Indíafélagið hf. Um 1974 var byggt hús á bílastæðinu framan við hús nr. 54 sem var jafnhátt húsinu nr. 56 sem síðar var breytt í kvikmyndahúsið Regnboginn með sýningasölum þar sem eldra húsið nr. 54 stóð áður og sýningasalir staðsettir að hluta í eldri birgðageymslum timburverslunar Árna Jónssonar aftan við hús nr. 56. Þetta kvikmyndahús kallast nú Bíó Paradís.

Hverfisgata 58 var byggt 1907 og 1926 bætt við steinsteyptri viðbyggingu. Í gögnum brunavirðingar á árinu 1929 er því lýst sem “forskalað tveggja hæða hús með risi og jarðhæð“. Þar bjuggu Ásmundur Jónsson (1874-1952) sjómaður frá Stóru-Borg í Grímsnesi og kona hans Sigríður Magnúsdóttir (1882-1961) húsfreyja frá Litlalandi í Ölfusi. Dætur

þeirra Aldís Jóna (1922-2008) og Magnea (1923-2008) eignuðust síðar húsið. Þær systur voru nánar vinkonur móður minnar og voru þær saman í saumaklúbb þar sem ávallt var glatt á hjalla. Aðrir meðlimir klúbbsins voru meðal annars Guðrún Erla Arnbjörnsdóttir er þá bjó á Vatnsstíg 9A, Anna Lís Hjaltested (1916-2000) gift Þórarni B. Péturssyni (1913-1993) vélstjóra og bjó á Grettisgötu, Jenný Jónsdóttir (1922-2010) gift Antoni Axelssyni (1920-1995) flugstjóra og Ólafía Sigurðardóttir (Lóa) (1922-2014) dóttir Sigurðar rakara og gift Bergþóri E. Þorvaldssyni (1914-1976) heildsala. Ólafía bjó í bernsku á Hverfisgötu 56 og Lindargötu 42. Fjölskylda Ásmundar og Sigríðar átti sumarhús í Hveragerði þar sem þau dvöldu oft sumarlangt og kom fjölskylda mín þar oft í heimsókn á ferðalögum sínum um nágrenni Reykjavíkur.



Hverfisgata 58 fyrir byggingu steinhúss að Hverfisgötu 56 (timburverslun Árna Jónssonar). Til vinstri sést í hornið á Hverfisgötu 60 sem var síðar rifid þar sem það stóð út í götuna.



Heimsókn í Hveragerði, Brynja, Dóra systir, Aldís og frú Sigríður.

Á efri hæð og risi Hverfisgötu 58 bjó Aldís Jóna og eiginmaður hennar Jóhannes Guðnason (1921-1990) iðnrekanda ættaður frá Súgandafirði. Þau áttu 5 börn, Sigríður Svanhildur (f. 1943) kennari og fv. alþingismaður, Ásmundur (f. 1945) bóndi og vélfræðingur, Auður (f. 1947) bankamaður, Guðni Albert (1951-2023) verkfræðingur og orkumálastjóri og Arnbjörn (f. 1958) menntaskólakennari. Aldís vann við ýmis afgreiðslu- og skrifstofustörf og minnst ég hennar sem afar glaðlyndrar og hjálpfúsar konu sem ekkert aumt mátti sjá sbr. minningarorð í Mbl. 22.02.2008 (bls. 35). Hún flutti síðar í íbúðir fyrir aldraða við Lindargötu 57.

Magnea (Maggý) bjó á neðri hæðinni ásamt eiginmanni sínum Ólafi Tímóteussyni (1920-2002) starfsmanni hjá Póstinum ættaður frá Bolungarvík. Þau áttu 3 börn, Arnbjörn (Bjössi) (f. 1945) stýrimaður og bifreiðastjóri, Guðbjörg Sigríður (f. 1946-2017) tækniteiknari og Ásdís (f. 1957) kennari. Magnea var hárgreiðslumeistari og minnst ég þess að hún hafi

starfaði sem slík í heimahúsi á Hverfisgötu 58. Þau hjón höfðu aðstöðu fyrir hjólhýsi á Laugarvatni og minnst ég þess að hafa farið í ferðir þangað ásamt foreldrum mínum. Þau hjónin fluttu síðar að Fögrubrekku 23 í Kópavogi, síðan í íbúð á Kleppsvegi og loks í íbúð fyrir eldri borgara að Skúlagötu 20 en þar bjó systir hennar Aldís í næsta húsi. Finna má minningarorð um Magneu í Mbl. 21.12.2008 (bls. 56). Eftir að Magnea og Óli fluttu af Hverfisgötu 58 bjó um tíma á miðhæð hússins Þorsteinn Jónsson rithöfundur og skáld frá Hamri (f. 1938) ásamt konu sinni Guðrúnu Svövu Svavarsdóttur myndlistamanni. Bóðvar sonur Þorsteins, faðir Jóns Daða landsliðsmanns í knattspyrnu, bjó þá einnig í kjallara hússins.

Kjallari hússins var ætíð mest í útleigu og bjó þar um tíma Sigurbjörg Ólög Guðjónsdóttir (1930-2000) sem átti fjögur börn þau John Óli (Jonni, f. 1952), Sævar Marinó (1955-2011), Anna Björg (Adda, f. 1957) sem flutti síðar til Kaupmannahafnar og Edna María (f. 1958) en þau voru börn Michaels Francis Ciesielski (1922-1969) veðurfræðings. Stúlkurnar komu oft í heimsókn til móður minnar og yngri systkina á Hverfisgötu 55 en bróðir þeirra Sævar kom síðar við sögu í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu.



Aldís Jóna (1922-2008) á yngri og eldri árum. Lengst til hægri Magnea (1923-2008).

Hverfisgata 58A stóð á baklóð hússins nr. 58 og hefur verið af sömu stærð frá fyrstu brunavirðingu þó það hafi verið endurbætt í gegnum árin. Á árinu 1918 var trésmíðaverkstæði í kjallara hússins sem síðar var breytt í íbúðarherberi á árinu 1933. Húsið var á mínum uppvaxtarárum reisulegt bárujárnsklætt timburhús með hæð, risíbúð og kjallara. Fyrstu eigendur voru Vigfús og Steinn Jónssynir en síðar mun Runólfur póstur hafa búið í kjallara hússins. Á mínum uppvaxtarárum bjó í húsinu Þorsteinn Jónsson (1884-1970) verslunarfulltrúi og ekkjumaður, en meðal barna hans voru Magnús Þorsteinsson (f. 1926) barnalæknir og Ingólfur Þorsteinsson (1910-1998) sem var kvæntur Vilborgu (1912-2006) dóttur Vilhjálms Ketilssonar bróður Helgu Ketilsdóttur móðurömmu minni.



Hverfisgata 58A við flutning út á Granda.

Hverfisgata 60 var einlyft hús með risíbúð sem stóð fram í götuna og var því rífið til að breikka götuna og fyrr en önnur hús sem rifin hafa verið við götuna af þessum ástæðum. Í minni bernsku bjó þar Gyða Ágústsdóttir (1906-1981), dóttir Ágústs Jónssonar skósmíðs, ásamt eiginmanni sínum Höskuldi Eyfjörð Helgasyni (1902-1972) iðnverkamanni frá Akureyri. Þau áttu tvö börn Þorbjörgu (f. 1939) myndlistakonu og Ágúst (Gústi) (1942-1974) byggingafræðing. Ágúst lauk sveinsprófi í húsasmíði 1963 og byggingafræðum 1967 í Kaupmannahöfn. Hann kvæntist Auði Helgu Hafsteinsdóttur (f. 1947) og áttu þau 2 börn. Ágúst þótti ófeiminn við að koma skoðunum sínum á framfæri, duglegur bæði til náms og vinnu sem meðal annars kom fram í dugnaði við að byggja einbýlishús í Arnarnesinu fyrir fjölskylduna á síðustu metrnum í lífi hans en hann lést 32 ára gamall.



Gyða Ágústsdóttir.



1972. Hverfisgata 60A, hús við Frakkastíg 8 til vinstri og í baksýn hús við Laugaveg 41/ Til hægri Hermann Vilhjálmsson.

Hverfisgata 60A stóð á baklóð hússins nr. 60 og var bárujárnsklætt timburhús með rishæð, aðalhæð og kjallara en það hefur verið rífið. Húsið var byggt 1930 af Margréti S. Sigurðardóttur og bjó þar um tíma Páll Axelsson (1922-1988) ásamt eiginkonu sinni Finnbogu Sigríði Halldórsdóttur (1925-2002) og fjölskyldu. Meðal barna þeirra er Guðrún Margrét Pálsdóttir (f. 1959) hjúkrunarfræðingur, forsetaframbjóðandi og stofnandi ABC. Einnig bjó þar um tíma Einar kokkur sem var fóstri Kristins Jóseps Gíslasonar (f. 1952) föður Ólafíu Þórunnar Kristinsdóttur (f. 1992) golfara sem gert hefur garðinn frægan á erlendum golfmótum. Langafi Kristins var Sigurður Jónasson (1870-1944) hálfbróðir móðurafa míns Kristjáns Jónassonar lögregluþjóns á Hverfisgötu 55.

Í kjallara hússins bjó um tíma Hermann Vilhjálmsson frá Brekku í Mjóafirði eldri maður, einstæðingur sem var nokkuð þekktur í hverfinu og tók Aldís húsfreyja í húsi nr. 58 hann

undir sinn verndarvæng enda mátti hún ekkert aumt sjá. Hermann mun hafa verið skyldur Vilhjálmi ráðherra frá Mjóafirði.

Hverfisgata 62 var á vestanverðu horni Hverfisgötu og Frakkastígs. Þar var á mínum uppvaxtarárum tvílyft timburhús með risi og kjallara (Tindastóll) sem síðan var rífið og þar byggt á árinu 1988 steinhús á þremur hæðum (rakarastofu á jarðhæð) en það hús var aftur rífið 2015 vegna enn nýrri bygginga sem náðu allt upp að Laugavegi.



Frakkastígur til norðurs og á miðri mynd er horn Hverfisgötu og Frakkastígs. Tindastóll Hverfisgata 62 er lengst til vinstri neðan við hvítleitt steinhús á einni hæð sem eitt sinn hýsti fiskverslun hverfisins. Flest hús við vestanverðan Frakkastíg nema Frakkastígur 6A eru horfin.



1966. Til hægri Hverfisgata 62 (Tindastóll) á horni Hverfisgötu og Frakkastígs. Til vinstri Hverfisgata 59 (fatahreinsunin Venus) og Lúllabúð (Hverfisgata 61).



2019. Hverfisgata 52-62 þar sem sjást nýbyggingar við Hverfisgötu 58-62.

Hverfisgata 64 og 64A standa á sunnanverðu horni Hverfisgötu og Frakkastígs og er hús nr. 64 byggt 1898 af Jóni Jörundssyni. Björn Jónsson skósmiður kaupir húsið 1904 og flytur ofar í lóðina og er það á teikningum ein hæð með risibúð og kjallara. Hús nr. 64 hýsir nú Veipu

verslun. Við hlið þess hafði Björn áður byggt annað hús sem er nr. 64A, einnig ein hæð með risibúð og kjallara. *Hús nr. 64A* hefur í gegnum tíðina hýst ýmsa starfsemi á jarðhæð svo sem raftækjaverslun og nú síðast veitingastað fyrir pantaðan mat (nú síðast (Indverska) Hraðlestin).



1965. Hverfisgatan í austur frá Hverfisgötu 63/64 við Frakkastíg og að Vitastíg. Þessi húsamynd stendur enn að mestu óbreytt en hús nr. 66 og 68, sem standa út í götuna, hafa þó verið rifin. Ofar á þessum reit hafa risið nýbyggingar við Laugaveg.



1972. Hús Bjarna Jónssonar skósmiðs og 64A (raftæki og ljósabúð). Hverfisgata 64 (Gullsmiður) á horni Frakkastígs og Hverfisgötu. Til hægri sést í hornið á Tindastóli og hornið á Hverfisgötu 66 lengst til vinstri.



2017. Hverfisgata 64 (Veipubúð) og 64A (Austurlenska hraðlestin).



2022. Hús við Hverfisgötu 66A, 68A, 70 og 70A voru áður bakhús við Hverfisgötu.

Húsin við Hverfisgötu 66, 68, 70 voru fjarlægð á seinni hluta síðustu aldar þar sem þau stóðu að hluta út í götuna og þar eru nú bílastæði á vegum Reykjavíkurborgar. Bakhúsin 66A, 68A og 70A standa því ofar í götumyndinni en önnur hús.



1971. Hverfisgata 68A, 70A og 72A lengst til vinstri. Til hægri er húsgagnavinnustofa Einars Carlssonar Hverfisgötu 66.



2017. Hverfisgata 72 að Vitastíg (Hverfisgata 82 á horni Vitastígs) gegnt Bílahúsinu á Vitatorgi.

Hverfisgata 80. Húsið stóð á lóð sem nú er norður af Kjörgarði við Laugaveg 59-61, gegnt Vitatorgi. Í þessu húsi mun föðurafi minn Sigurður Eyleifsson hafa búið fyrstu hjúskaparár sín með fyrri konu sinni Einhildi Þóru og þar fæddust tvær elstu dætur þeirra.



1952-1965. Hverfisgata 80, illa farið hlaðið steinhús, löngu horfið.

Hverfisgata 84-96 og 98-108. Á reitnum milli Barónsstíg og Vitastígs hefur risið blönduð byggð nýrra steinhúsa og endurgerðra timburhúsa m.a. Hverfisgata 84. Húsaröðin frá Hverfisgötu 98-108 er þó að mestu óbreytt.



1972. Hverfisgata 84 (verslunin Varmá) á horni Vitastígs..



2022. Endurbyggð Hverfisgata 86 og 84 (til hægri). Endurbyggt hús við Vitastíg 7 í baksýn.



2022. Endur- og nýbyggingar við Hverfisgötu 84-96 austan Vitastígs.



2022. Nýjar byggingar við Hverfisgötu 84-96, séðar í vestur frá Barónsstíg.



2019. Gatnamót Hverfisgötu og Snorrabrautar.

Barónsstígur að Laugavegi

- Vestanvert hafa 5 eldri hús verið rifin eða endurbyggð (Barónsstígur 2, 6, 8).

- Austanvert hafa öll hús neðan Hverfisgötu á lóðum Hafnarbíó verið rifin (3-4 hús), svo og hús nr. 13 ofan Hverfisgötu.



2022. Barónsstígur í norður frá Hverfisgötu. Til vinstri Barónsfjósið fyrsta steinsteypta húsið í Reykjavík 1899.



2018. Austurhlíð Barónsstígs neðan Hverfisgötu og horft til norðurs. Frá vinstri Skúlagata 40 og 40A, síðan Barónsstígur 3 og 5 (öll byggð í lok fyrri aldar) og hluti af Hverfisgötu 99A lengst til hægri.



Barónsstígur 6 og 8 í niðurrifi, Hverfisgata 80, Barónsfjósið (nr. 4) og Barónsstígur 2 næst sjónum.



2022. Barónsstígur til suðurs frá Hverfisgötu 96. Nýbyggingar við Barónsstíg 6 (á miðri mynd).



2022. Barónsstígur til suðurs frá Hverfisgötu 98, Barónsstígur 11a, 11, 13, Laugaveg 81.



2022. Barónsstígur í norður frá Laugavegi.



2022. Vesturhlíð Barónsstígs til norðurs frá Laugavegi. Í baksýn Barónsfjósíð og Barónshótelíð.



2022. Austurhlíð Barónsstígs til norðurs frá Laugavegi 81, Barónsstígur 11 á miðri mynd.



2018. Barónsstígur 11 til vinstri. Hér bjó Þóra Einhildur Sigurðardóttir föðursystir mín ásamt fjölskyldu. Mikill samgangur var milli þessara fjölskyldna og minnst ég Þóru með hlýju enda með afbrigðum hjálpsöm og glaðlynd kona. / Til hægri Þóra Einhildur á áttæðisafmæli sínu.

Vitastígur að Laugavegi

- Vestanvert hafa hús milli Lindargötu og Skúlagötu vikið í stað blokka fyrir eldri borgara
- Austanvert hafa steinhús milli Skúlagötu og Lindargötu vikið fyrir nýjum háhýsum. Hús milli Hverfisgötu og Laugavegar eru flest endurbyggð að hluta.



1910. Turnhúsið Laugavegi 64 og Vitastígur 7 og 9 Vitastígur 8 til hægri.



1935-1937. Vitastígur 8, 8a ofan Vitatorgs og Hverfisgötu 82.



2017. Skúlagata 26 og Vitastígur 3, rifin 2018.



1944-1950. Bjarnaborg (Hverfisgata 83) byggð 1902 fyrir Bjarna Jónsson snikkara og kaupmann. Byggingarnar norðan Bjarnaborgar eru Skúlagata 26 og Vatnsstígur (nú horfin).



2018. Skúlagata 26 og Vitastígur 3 í niðurrifi. Lítið til austurs frá Vitatorgi. Hér mun rísa 17 hæða hótélbygging.



2018. Sama svæði frá norðri. Nýbyggingar við Hverfisgötu 85-93 og Bjarnaborgin fyrir miðju.




2022. Endurgerð Bjarnaborg á norðaustur horni Vitastígs og Hverfisgötu.



2022. Gatnamót Vitastígs og Hverfisgötu til suðurs. Hverfisgata 82, 83, 84, Vitatorg til hægri.



2022. Vitatorg séð í suðaustur frá Lindargötu með Bjarnaborg í baksýn. Hvítrauði turninn er inngangur í bílarkjallara undir Vitatorgi en tjaldhúsin eru gróðurhús á torginu. Háa hvíta byggingin er Hverfisgata 82 á suðvestur horni Vitastígs.



2022. Vitatorg séð í norðvestur frá Hverfisgötu. Í baksýn eru hús eldri borgara (Gulu Húsin) við Lindargötu 64, 66 og 57-61, staðsett við Vitatorg.



2022. Unnið að endurgerð húsa við austurhlíð Vitastígs (nr. 7, 9, 9a) ofan Hverfisgötu.



2022. Austurhlíð Vitastígs til norðurs frá Laugavegi 65.



2017. Vitastígur, til hægri Laugavegur 65. Vitastígur 7, 9, 9A og Hverfisgata 84, 85 til vinstri.



1972. Vitastígur 9 og 9a / Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



1972. Vitastígur 7 / Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



2022. Endurbygging Vitastígs 7,9 og 9a.



2022. Vesturhlíð Vitastígs til suðurs frá Hverfisgötu 82.



2022. Vesturhlíð Vitastígs til norðurs frá Laugavegi.

Frakkastígur að Laugavegi.

- Vestanvert hafa öll eldri hús (8 talsins), nema Frakkastígur 6A og Lindargata 11, verið flutt eða rífin allt frá Laugavegi og niður að sjó.

- Austanvert standa hús enn að mestu óbreytt að frátöldu húsi við Frakkastíg 1 og Laugaveg 47.

Frakkastígur 2 og 4. Á lóð nr. 2 stóð tólmthúsbylíð Byggðarendi sem var rífið 1940. Þar bjó Sigurður Jónsson lítt efnum búinn en kunnur af því að láta ekki baslið smækka sig. Lóðin var í eigu Eimskipafélags Íslands og þar er nú hluti háhýsa í Skugga III. Hús nr. 4 var reisulegt timburhús ein hæð, risíbúð og kjallari og finnst á teikningum frá 1902. Húsið stóð norðan við Lindargötu 49 og var flutt í Skerjafjörð á árinu 1989 til að rýma fyrir stórhýsum í Skugga.



Til vinstri er Frakkastígur 2, Byggðarendi (1935-45). Færeyinga heimilið, SS og Franski spítalinn í bakgrunni myndar til hægri. Til hægri Frakkastígur 4 (1972).

Frakkastíg 6A. Hús nr. 6A er bárujárnsklætt tveggja hæða timburhús með lágum kjallara þar sem efri hæð er rishæð og stendur húsið enn. Það byggði upphaflega Gunnar Ólafsson (1891-1988) sonur Vigdísar Ketilsdóttur sem bjó á Grettisgötu 26 en hún var systir móðurömmu minnar Helgu Ketilsdóttur á Hverfisgötu 55. Gunnar var trésmiður og bifreiðastjóri hjá læknavaktinni og átti 6 börn: Hulda Dagmar (1912-2000) verslunarstjóri hjá Ásbirni Ólafssyni, hún var barnlaus; Jóhanna (1921-1985) framkvæmdastjóri hjá Ásbirni Ólafssyni, hún átti einn son Gunnar; Ingibjörg (Pilla) (1925-1999) hárgreiðslukona gift Birni R Einarssyni tónlistarmanni og átta þau 5 börn þar á meðal Gunnar Björnsson (f.1944) prest; Ragnheiður (1933-); Elísabet (1934-2000) (Beta) snyrtifræðingur; Ólafur rithöfundur (f. 1948) sem m.a. vann hjá Ásbirni Ólafssyni 1965-1971 og sem bifreiðastjóri læknavaktar 1972-1978.



1972. Frakkastígur 6 A.

Gunnar Gunnarsson (1963-2017) sonur Jóhönnu Gunnarsdóttur festi síðar kaup á Frakkastíg 6A og endurbyggði að hluta. Um 2004 komst húsið í eigu verktakanna Stafna á milli sem hugðu á stórfamkvæmdir á öllum reitnum frá Frakkastíg að Vatnsstíg. Að sögn verktakanna voru framkvæmdirnar með velvilja þáverandi meirihluta borgarstjórnar og yfirmanns borgarskipulags Steinunnar Valdísar fv. borgarstjóra en þau áform urðu að engu í hruni bankanna í lok árs 2007. Húsið komst síðar í eigu annarra verktaka sem hafa lyft kjallara hússins og stendur það nú sem reisulegt timburhús á milli nýbyggðra steinsteypra 3-4 hæða húsa og myndi vissulega njóta sín betur í öðru umhverfi. Mun því nú hafa verið breytt í íbúðahótel eins og svo mörgum öðrum húsum á þessu svæði.

Frakkastígur 6B var áður hluti lóðar nr. 61 við Hverfisgötu en Guðjón Guðjónsson seldi hluta þeirrar lóðar til Benedikts Jónssonar 1905 sem byggði þar timburhús, ein hæð, ris og kjallari. Húsið var þá nr. 6B við Frakkastíg og var rífið á mínum uppvaxtarárum og lóðin nýtt sem aðkeyrsla að geymsluhúsi Lúllabúðar. Mér er ekki kunnugt um hverjir íbúar þess húss voru meðan það var og hét.



Frakkastígur 6B, hluti af Hverfisgötu 59A framan við húsið.




2022. Vesturhlíð Frakkastígs í norður frá Hverfisgötu 61. Húsið nær yfir á á eldri lóð við Frakkastíg 6B. Gula húsið er Frakkastígur 6A og í baksýn háhýsi við Lindargötu 39 í Skugga III.

Frakkastígur 8 reist 1925 sem lágreist hús ofan Hverfisgötu, síðan stækkað í fjórum áföngum 1926-1939, og var þá komið tvílyft hús með risi og kjallara sem bar nafnið Ullarverksmiðjan Framtíðin í eigu Boga Þórðarsonar en hann starfrækti einnig verslun að Laugavegi 45 á tímabilinu 1953-1986. Ullarverksmiðjan var þar til húsa til 1974 en eftir það

hýsti það ýmsa starfsemi svo sem teppaverksmiðju, bari og súlustaði. Neðan við Ullarverksmiðjuna var lítið hús á lóð Hverfisgötu 62 merkt fiskbúð, vel sótt af íbúum hverfisins og ýmsum öðrum, ásamt geymslu- og þvottahúsi sem voru í eigu Sláturfélags Suðurlands (SS) ásamt stóru íbúðarhúsi, Tindastól, sem stóð á horni Hverfisgötu og Frakkastíg og hýsti að mestu starfsfólk SS. Húsin á þessari lóð voru síðar rifin þar sem Tindastóll stóð út í Hverfisgötuna og stóð lóðin lengi auð eftir það. Lóðin að Hverfisgötu 62 var á árinu 1988 sameinuð lóð Frakkastígs 8 um leið og þar var reist 3. hæða steinhús á horni Hverfisgötu og Frakkastígs sem hýsti um skeið rakarastofu og ástarlífsbúð en það steinhús vék fyrir nýrri byggð húsa á árinu 2015.

Á árinu 2015 voru eftirtalin hús rifin eða endurbyggð vestanvert milli Laugavegs og Hverfisgötu: Bakhúsin við Laugaveg nr. 39, 41, 41A og 43, 43B, 45, Frakkastígur 8 og Hverfisgata 58-62. Á þessum reit ráðgerði *Samsons ehf* að byggja nýjan Listaháskóla en þess í stað rís þar á árinu 2017 samfelld byggð nýrra steinsteypra húsa allt frá Laugavegi að Hverfisgötu.



Frakkastígur 8 er fyrir miðri mynd milli tveggja lágreistra timburhúsa við Laugaveg 45 og Hverfisgötu 62 (Tindastóll) en það síðartalda vék fyrir þriggja hæða steinhúsi sem var rífið 2015.





2017. Nýbyggingar á lóðum Hverfisgötu 60-62 og Frakkastíg 8.

Frakkastígur 1. Húsið var við hlið Sláturfélags Suðurlands (SS) við Skúlagötu og er að finna á teikningum frá 1951 lágreist hús á einni hæð merkt sem Sjómannsbarakk en á teikningum frá frá 1982 sem Færeyska sjómannaheimilið. Þetta hús hvarf um leið og SS var rífið.



1973. Frakkastígur 1. Sjómannaheimili Færeyinga á horni Frakkastígs og Skúlagötu. SS til vinstri.



1972. Frakkastígur 5 til vinstri. Til hægri feðgarnir Þorbergur og Guðlaugur.

Frakkastígur 5. er milli Hverfisgötu 63 og Lindargötu 50. Það finnst á teikningum frá 1925 sem hús á einni hæð með kjallara og er þá merkt í eigu Guðlaugs Þorbergssonar (1868-1947) söðlasmiðs og veggfóðrarmeistarara. Húsið er hækkað í núverandi mynd í tvær hæðir, ris og kjallara á árinu 1945. Guðlaugur var einn stofnenda fyrsta stéttarfélags veggfóðrara og starfaði með miklum áhuga og skyldurækni að félagsmálum þeirra meðan þrekið leyfði. Hann var kjörinn heiðursfélagi 11. jan. 1938. Guðlaugur var kvæntur Ágústu K. Árnadóttur (1871-1939). Þau áttu 4 dætur Vilborgu (1902-1961), Árnínu (1904-1964), Guðrúnu (1906-1995), Ágústu (1909-1994) og 2 syni, Jóhann Ársæl (1901-1983) og Þórberg (1913-1996), sem báðir lærðu iðnina hjá föður sínum og unnu með honum alltaf síðan.

Börn Guðlaugs bjuggu áfram á Frakkastíg 5 og bjó Þorbergur (Beggi) þar alla tíð en hann fetaði dyggilega í fótspor föður síns með setu í stjórn Meistarafélags veggfóðrara og var formaður prófnefndar félagsins um 25 ára skeið. Hann kvæntist Petrínu Ólöfu Guðmundsdóttur (1920-1996) og áttu þau 4 börn, Guðlaug (f. 1950) stærðfræðiprófessor í Köln, Helga (f. 1957) tölvunarfræðingur, Guðmund Inga (f. 1959) eðlisfræðingur í Bensheim og Ágústu (f. 1960) málfræðingur.

Systir mín Halldóra keypti neðri hæð og kjallara hússins af fjölskyldunni 1996 en seldi aftur árið 2000. Efri hæð og ris átti þá Bergþór Pálsson söngvari sem síðan selur Stefaníu (f. 1956) en hún var dóttir Önnu Lísu Hjaltested (1916-2000), gift Þórarni B. Péturssyni (1913-1993) vélstjóra. Bróðir Stefaníu er Bjarni Hjaltested (f. 1947) myndlistamaður. Anna Lísa var vinkona móður minnar Brynju Helgu.



2022. Austurhlið Frakkastígs í norður frá Hverfisgötu 63. Rauða húsið er Frakkastígur 5 við hlið Lindargötu 50.

Frakkastígur 7, 9. Hús nr. 7 var byggt 1904 er merkt á teikningum frá 1924 sem hús Kristjáns E. Hanssonar og var breytt 1939. Húsið er ein hæð, rishæð og kjallari og áfast húsinu eru tvö lægri hús bæði á einni hæð en byggt var ofan á það sem stendur ofar í götunni 1956. Húsin standa enn og hýsa í dag barstofu og húðflúrstofu. Hús nr. 9 var byggt 1902 af Magnúsi Þorsteinssyni söðlasmið sem timburhús ein hæð með risi og kjallara og stendur enn.



1972. Til vinstri Frakkastígur 7 (Lífstykkiabúð og Fiskbúð). Til hægri Frakkastígur 9.



2022. Austurhlið Frakkastígs í suður frá Hverfisgötu 64 (rautt) að Laugavegi 47 (blátt steinhús). Milli þessara húsa eru Frakkastígur 7 og 9.

Vatnsstígur

- Vestanvert við Vatnsstíg standa hús enn að mestu óbreytt fyrir utan steinhús sem reist var á seinni hluta síðustu aldar við Vatnsstíg 5.

- Austanvert við Vatnsstíg hafa sjö eldri hús horfið. Þrjú hús rifin ofan Hverfisgötu (milli Hverfisgötu 52 að Laugavegi 33) vegna uppbyggingar í kjölfar bruna að Vatnsstíg 4 en neðan Hverfisgötu hafa fjögur hús (nr. 10, 10A, 16, 16A) verið rifin vegna uppbyggingar Skugga II og stúdentabyggðar við Lindargötu).



2018. Vatnsstígur ofan Hverfisgötu að vestanverðu, Hverfisgata 50 yst til hægri.



2018. Vatnsstígur ofan Hverfisgötu austanvert, Hverfisgata 52 til vinstri og Vatnsstígur 4 fyrir miðri mynd (nú horfið ásamt aðliggjandi húsum allt að Laugavegi 33, efst á mynd).



2019. Vatnsstígur norðan Hverfisgötu. Hverfisgata 49 til vinstri (rautt steinhús) og Vatnsstígur 8 til hægri við Hverfisgötu (svart timburhús). Í fjarska háhýsin í Skugga I-II. Háhýsin standa norðan Lindargötu og tilheyra Vatnsstíg.



2022. Vatnsstígur norður af Hverfisgötu 49 (til vinstri).



2019. Vestanverður Vatnsstígur í suður frá Lindargötu og í átt að Laugavegi.



2019. Austanverður Vatnsstígur séður í suður frá Lindargötu í átt að Laugavegi. Á miðri mynd er grátt hús við Vatnsstíg 10A sem nú hefur verið rifð en græna húsið Vatnsstígur 12 er fríðað og flyst á lóð Vatnsstígs 12.

Vatnsstígur 9 og 9A eru staðsett á sömu lóð og standa enn. *Hús nr. 9* eru tveggja hæða bárujárnsklætt timburhús með risi og kjallara byggt 1903 en *hús nr. 9A* er steinsteypt hús með risibúð, aðalhæð og kjallara byggt 1916. Gunnlaugur Ólafsson (1860-1926), kvæntur Guðrúnu Arnbjarnardóttur (1864-1938), átti helming í húsi nr. 9 og hús nr. 9A að fullu og bjó þar ásamt fjölskyldu sinni.

Börn Gunnlaugs og Guðrúnar voru fjögur, Arnbjörn Gunnlaugsson (1888-1967) skipstjóri, Guðrún (1893-) flutti til Danmerkur, Eyjólfur Þórarinn (1898-) stýrimaður og Ólafur Júníus

(1900-) kaupmaður. Arnbjörn bjó síðar, ásamt konu sinni Sigríði Rafnsdóttur (1894-1936), í húsi nr. 9A og áttu þau tvær dætur er hétu Guðrún (1921-2006) og Guðrún Erla (1922-1958) í höfuð ömmu sinnar Guðrúnar Magnúsdóttur en hún lést ásamt manni sínum Arnbirni Þórarinssyni er stórbýlið Selfoss hrundi í Suðurlandsskjálftanum 1898. Arnbjörn skipstjóri var þar þá í heimsókn og lá í næsta rúmi við hlið afa síns en komst lífs af úr rústunum ásamt öðrum manni. Bærinn Selfoss var þar sem kaupstaðurinn Selfoss er í dag (Tíminn 26.07.1996, bls. 6). Góður vinskapur var með fjölskyldunum á Vatnsstíg og Hverfisgötu 55.



2017. Vatnsstígur 9 (rautt hús) og 9A (grátt hús). Lengst til hægri eru nýjar stúdentablokkir við Lindargötu.

Guðrún Erla lést 36 ára af slysförum 1958 en eldri systir hennar giftist Hauki Claessen (1918-1973) lögfræðingi og aðstoðarflugmálastjóra og áttu þau 3 börn, Sigríði Ingibjörgu Claessen (1943-2005) meinatækni, Gunnlaug (f. 1946) lögfræðing og Helgu Kristínu (f. 1955). Sigríður giftist síðar Júlíusi Sæberg Ólafssyni viðskiptafræðingi og samstúdent mínum úr MR og voru þau hjón nánir vinir okkar hjóna eins og greina má í minningarorðum okkar í Mbl. 1.06.2005, bls.33.



Sigríður Ingibjörg Claessen og Vatnsstígur 9A.

Vatnsstígur 11 var á árinu 1930 bílskúr E. Vilhjálmssonar en þar reis um 1942 þriggja hæða steinsteypt hús með háu risi sem náði frá húsi 9A niður að Lindargötu. Þetta hús hýsti sælgætisgerðina Víking og stendur enn sem gistiheimilið Svanurinn

Vatnsstígur 4 er timburhús byggt 1901 sem eftir breytingar á árinu 1920 er tvær hæðir, ris og kjallari. Fyrsti eigandi var Daníel Samúelsson ljósmyndari en Jón Vilhjálmsson skósmiður stækkar húsið 1920. Húsið laskaðist í bruna og var rífið 2021-2022. Í þessu húsi mun Helga Ketilsdóttir hafa dvalist hjá systur sinni Vigdísí fyrst eftir að hún flutti til Reykjavíkur 1910 og áður en Helga festi kaup á Hverfisgötu 55 árið 1912. Vigdís flutti síðar að Grettisgötu 26.



Vatnsstígur 4 árið 1972 og eftir rif 2022.

Vatnsstígur 8 (Sund) stendur á horni Hverfisgötu og Vatnsstígs, lágreist timburhús með rishæð, aðalhæð og kjallara. Skv heimildum (Mbl. 28 B 4.02.2003 / Freyja Jónsdóttir) stóð Tómhúsbylíð Sund, sem Vatnsstígur 8 er kenndur við, þar sem nú stendur fjölbýlishúsið á Hverfisgötu 49. Jóhann Guðmundsson í Sundi fékk leyfi til þess að byggja Vatnsstíg 8 árið 1898. Elín Erlendsdóttir var skráður eigandi í júní 1900. Í fyrstu brunavirðingu hússins árið 1900 er þó sagt að Elín Erlendsdóttir hafi látið byggja húsið. Þar stendur að niðri séu fjögur íbúðarherbergi og eldhús með tvöföldum loftum, allt þiljað og málað. Þar eru tveir ofnar og eldavél. Uppi eru þrjú herbergi og framloft, þiljuð og máluð. Þar eru tvær eldavélar. Kjallari er undir öllu húsinu og í honum eru tvö herbergi, þiljuð og máluð, með tveimur litlum ofnum. Þar er eitt geymsluherbergi óþiljað. Við austurhlíð hússins er skúr, byggður af sama efni og það, klæddur að utan með plægðum gólfborðum og með járni á þaki. Í manntali frá árinu 1902 eru skráðir til heimilis á Vatnsstíg 8 átta manns auk Elínar. Elín lést um 1940 og bjó í húsi sínu til dauðadags.

Á eftir Elínu hafa verið nokkrir eigendur að Vatnsstíg 8. Björn Laxdal Jónsson var eigandi árið 1959. Aðalheiður Georgsdóttir keypti af Birni. Í júní 1959 sótti hún um að stækka húsið með viðbyggingu austan við það. Klara Óskarsdóttir keypti Vatnsstíg 8 af Óskari Ólasyni lögreglumanni árið 1972. Fljótlega eftir að Klara og börn hennar komu í húsið var hafist handa við að gera það upp en synir hennar, þeir Guðbrandur Ívar og Karl Þórhallur Ásgeirssynir, voru báðir lærðir trésmiðir. Óteljandi vinnustundir sem Klara og fjölskylda hennar inntu af hendi við að gera húsið upp urðu til þess að Vatnsstígur 8 er eitt af fallegustu húsunum fyrir austan Læk. Síðast var ráðist í að koma garðinum í það horf sem fjölskyldan vildi hafa hann. Nýr stigi var gerður sem fer vel við annað innanhúss. Rúmgóðu baðherbergi var komið upp á hæðinni og lokað fyrir stiga í kjallara. Í kjallara er séríbúð, en kjallarinn var grafinn út fyrir nokkrum árum til að fá betri hæð undir loft. Einnig hefur í risi verið gert eitt herbergi úr tveimur og núna eru þar tvö herbergi og framloft.

Klara seldi eignina árið 1986, hjónunum Colin Porter og Sigrún Lára Channko, sem breyttu garðinum og hellulögðu grasflötina, sem seldu það Elísabetu Þorsteinsdóttur meinatækni árið 1989. Vatnsstígur 8 var síðan í eigu Krístrúnar Ingibjargar Jónsdóttur og Amöndu Rebekku Roberts en er í dag er eitt af þremur Old Charm Reykjavík íbúðarhótelum ásamt Vatnsstíg 10B og húsunum við Hverfisgötu 53 og 55.



Vatnsstígur 8 (dökka húsið) og 10B (gulleita húsið). Til hægri sést bakhlíð sömu húsa, séð frá Hverfisgötu 53, og er Vatnsstígur 10B þar yst til hægri.


Vatnsstígur 10B stendur enn og er tvílyft bárujárnsklætt timburhús með risíbúð, aðalhæð og kjallara. Þar bjó á tímabilinu 1938-1953 **Selma Gunnarsdóttir (f. 1932)** ásamt foreldrum sínum Ágústu G Guðmundsdóttur (1908-1995) og Gunnari Þórðarsyni (1904-1986) rennismið og tveimur yngri bræðrum þeim Birki Þór hárskera, bólstrara og verslunarmanni (1938-2012) og Guðmund Guðbjart (f. 1950) verkataka. Húsið að Vatnsstíg 10B var þá við hliðina á húsi MÍR sem nú hefur verið rífið. Húsið að Vatnsstíg 10B var á þessum tíma í eigu Ingu og Hrefnu Pétursdætra sem bjuggu á neðri hæð hússins en í risinu voru á þessum tíma tvær leiguíbúðir þar sem fjölskylda Gunnars og Ágústu bjó.

Selma var barnfóstra mín frá því ég var á öðru aldursári en fór síðan í píanónám í Tónlistarskólanum árið 1948. Hún minnst þess að hafa fengið aðstöðu í kjallaraherbergi á Hverfisgötu 55 til píanóæfinga á árunum 1951-1953 þar sem aðstæður leyfðu það ekki heima hjá henni á Vatnsstígnum þar sem eigendur hússins á neðri hæðinni voru lítt hrifnir af píanóæfingum Selmu á efri hæðinni.“

Foreldrar Selmu voru frá Vestfjörðum harðduglegt fólk sem fóru í mörg sumur í síldarvinnu og þá alltaf á síldarplön Óskars Halldórssonar og sonar hans Óla Óskars. Minnst ég þess að ég fór mína síðustu ferð í síld á síldarplan Óla Óskarssonar Hafölduna á Seyðisfirði í fylgd Selmu og foreldra hennar að loknu stúdentsprófi 1964. Fjölskyldan flutti 1953 að Leifsgötu 5 og síðan í eigin íbúð á Hringbraut 101 á árinu 1957. Ávallt hélst góð vinátta milli fjölskyldu minnar og fjölskyldu Selmu en hún giftist Sigvalda M Ragnarssyni (1932-2014) rakarameistara 1961 og flutti þá á Skjólbraut 5 í Kópavogi.



Hjónin Gunnar Þórðarson og Ágústa G Guðmundsdóttir í heimssókn á Hverfisgötu 55.



Systkinin Birkir Gunnarsson og Selma Gunnarsdóttir.

Vatnsstígur 10-10A. Samkvæmt heimildum (Morgunblaðið 26 C, 11. 08.2003, Freyja Jónsdóttir) fær Sigurður Guðlaugsson leyfi til þess að byggja hús á lóðinni árið 1897 sem selur það Sigurði Gunnlaugi O. Bjarnasyni 1903 sem lengir húsið til norðurs. Í nokkur ár fer fram umtalsvert brask með húsið. Jón Þórarinsson kaupir húsið 1915 og byggir á árinu 1916 smíðahús úr steinsteypu á baklóðinni. Mjólkurfélag Reykjavíkur er skráður eigandi hússins árið 1925 og byggir geymsluhús á lóðinni á því ári sem trúlega er stækkun á smíðahúsinu frá 1916. Árið 1926 er byggt ofan á geymsluhúsið og það stækkað í vinkel umhverfis framhúsið. Í þessum húsakynnum var korn malað en þar var rafknúin mylla. Hjól myllunnar náði upp úr þakinu og var smíðað yfir það dálítið ris, ekki ólíkt því að lítið hús væri uppi á þakinu en í norðurenda framhússins var mjólkurbúð.

Mjólkurfélagið selur húsin á árinu 1929 Magnúsi Jónssyni trésmið sem um árabíl rak trésmiðju í húsunum baka til á lóðinni. Magnús byggði ofan á íbúðarhúsið eina hæð. Einnig skipti hann um alla glugga og breytti lagi þeirra. Hann forskalaði húsið að utan en það er húðað með skeljasandi og bjó hann í framhúsinu ásamt fjölskyldu sinni. Magnús var trésmíðameistari að mennt og hafði lærlinga á verkstæði sínu sem var í bakhúsinu og voru þar m.a. smíðaðir gluggar, eldhúsinnréttingar og hurðir.

Árið 1942 er Vatnsstígur 10-10A tekinn til virðingar og er því lýst sem tvílyftu íbúðar- og verslunarhús með risi og kjallara. Á neðri hæðinni er sölubúð, skrifstofa, þrjú íbúðarherbergi, geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi og gangur. Á efri hæðinni eru þrjú íbúðarherbergi, eldhús, sturtuklefi með klósetti og gangur. Í þakbitalögum eru gólfborð og þar uppi er hanabjálkaloft sem notað er fyrir geymslu. Undir þriðjungu hússins er kjallari til geymslu. Inngönguskúr er austanmegin við húsið, byggður eins og það. Í honum er stigagangur og klósett.

Baka til við húsið er trésmíðavinnustofa, tvílyft, úr steinsteypu. Timburgólf er á milli hæðanna. Undir loftbitunum er langbiti eftir húsinu endilöngu, með stoðum undir. Báðar hæðirnar eru einn opinn geimur án skilveggja. Einhvern tíma á þessum ferli var byggður bílskúr í sundinu milli húss trésmíðaverkstæðisins og íbúðarhússins.

Magnús Jónsson lést 4. júlí 1963 og bjó ekkja hans, Una Einarsdóttir, áfram í húsinu ásamt börnum þeirra hjóna, þar til hún lést 1983. Íbúðarhúsið að Vatnsstíg 10 var þá selt MÍR (Menningarstofnun Íslands og Ráðstjórnarríkjanna) sem þá þegar var með ýmiss konar menningarstarf, bókasafn og kvikmyndasýningar í bakhúsinu. Þessi hús hafa nú verið rifin en hús númer 12 við Vatnsstíg verður flutt á lóð húss nr. 10 til að rýma fyrir stækkun vesturenda Stúdentagarða við Lindargötu.



Eldri mynd af Vatnsstíg 10-10A í stækkuarferli og þar neðan við er Vatnsstígur 12 sem nú er friðað.



2022. Vatnsstígur 10-10A hafa verið rifin og ráðgert að flytja hús við Vatnsstíg 12 (bláa húsið) á lóð þessara húsa til að rýma fyrir stækkun stúdentagarða við Lindargötu. Rauðu húsin í bakgrunni eru Hverfisgata 49 og Vatnsstígur 9. Gráa steinhúsið er Vatnsstígur 11.



Vatnsstígur 16A er norðan við Lindargötu. Húsið er til á teikningum frá 1905 sem hús Jóns Jónssonar, ein hæð, ris og kjallari. Húsið og lóðin var síðar í eigu Eimskipafélagsins. Á þessum lóðum standa nú háhýsi í áfanga Skugga II.

Klapparstígur vestanvert að Laugavegi
- Vestanvert hafa orðið breytingar á 6 húsum (nr. 8, 14, 18, 20, 28, 30).



2022. Klapparstígur í norður frá Lindargötu. Timburhúsið til hægri er Klapparstígur 11.



2022. Klapparstígur í norður frá Laugavegi. Skrautmálaða húsið er Klapparstígur 31.



2022. Vestanverður Klapparstígur í norður frá Hverfisgötu 35..



2017. Klapparstígur 10 (rautt timburhús), 12 (gráa steinhúsið), 14 (glerhýsið).



1971. Klapparstígur 12 og 10 norðan Lindargötu.



1971. Klapparstígur 10.



2017. Klapparstígur nr. 14-20 séður í norður frá Hverfisgötu 35. Neðst er glerhýsi við Klapparstíg 14 (á horni Klapparstígs og Lindargötu).



1970. Klapparstígur 18 og hluti af húsi nr. 16.



2022. Klapparstígur vesturhlíð séður í suður frá Klapparstíg 26 á horni Hverfisgötu.



1977. Klapparstígur 26 þá Radióbúðin.



2017. Klapparstígur séður í norður frá Laugarvegi. Efst Laugavegur 21 og síðan Klapparstígur 30 með byrðingi eldra húss skv. kröfu Minjastofnunar, síðan hús nr. 28 og 26 á horni Hverfisgötu. /



1969. Sama svæðið, efst Klapparstígur 30 síðan nr. 28 og 26.

Klapparstígur austanvert að Laugavegi.

- Austanvert eru breytingar að mestu bundnar við Völundarsvæðið



2022. Austanverður Klapparstígur frá Hverfisgötu 37 í norður.



1920. Athafnasvæði Völundar við Skúlagötu, Klapparstíg og Sölvhólsgötu.



1982. Athafnasvæði Völundar við Klapparstíg og Skúlagötu gengt Klöpp 1982.



2017. Klappargötu séður í suður: Spennistöðin Klappargötu 7e, byggð 1920. Glerhýsið er nr. 14 stendur gegnt reisulegu timburhúsi nr. 11 á austanverðum mótum Lindargötu og Klappargötu.



1971. Klappargötu 7e (Spennistöðin) og Klappargötu 9.



2017. Klappargötu 11 á norðaustanverðu horni Lindargötu og Klappargötu.



1973. Klappargötu 11.



2017. Klapparstígur 15-19, neðst sést í Lindargötu 37, efst er Klapparstígur 19.



1971. Klapparstígur 13a, 17, 19.



2022. Klapparstígur 19 friðaður steinbær byggður 1879, lóðin sameinuð lóð Veghúsastíg1 á árinu 2004. Fyrirhugað að byggja smáhýsi í sama stíl á lóðinni (Morgunblaðið 15.09.2022).



2022. Klapparstígur 25-27 við suðaustur horn Hverfisgötu og Klapparstígs.



1962-1970. Klapparstígur 25-27 þá Verslun Kristinn Guðnason (KG)



1960. Klapparstígur 29, Verslun Vald Poulsen stofnað 1910.



2017. Klapparstígur 25-27 (á horni Hverfisgötu), 29 (Rakarastofa).

Smiðjustígur að Laugavegi

- Í það minnsta 7 hús hafa verið rifin eða flutt (nr. 3, 5, 6, 7, 9, 10, 15).



2022. Smiðjustígur í suður frá Hverfisgötu 26 (til vinstri) sem nú er hluti Hljómlindarreitsins. Bílastæðahúsið við Hverfisgötu 20 er til hægri.



2022. Bílastæðahúsið við Hverfisgötu 20.



1971. Smiðjustígur 6. Húsið var rifin fyrir síðustu aldamót.



2017. Smiðjustígur 6 (horfið) stóð áður í miðri húsaröðinni sem nú myndar austurhlíð Hlómlindarreitsins. Hornhúsið er Laugavegur 13, síðan ný hús við Smiðjustíg 4, 6 og neðst til vinstri er Hverfisgata 26.



2017. Smiðjustígur 12 og bakhús nr. 10, standa norðan við Danska Sendiráðið Hverfisgötu 29.



1971. Smiðjustígur 12, Glerslupun og Spegllagerð vísar til baklóðar húss við Klapparstígs 18.



1970. Smiðjustígur 1 eða 3 norður af húsi við Laugaveg 11.



Smiðjustígur 5a.



1954. Smiðjustígur 5, var í eigu Dr. Helgi Pétursson.

Pétur Pétursson lögreglumaður reisti Smiðjustíg 5, tvílyft timburhús. Sonur hans Helgi Pétursson jarðfræðingur og heimsspekingur bjó þar til æviloka 1949 og var húsið rífið á 7. áratugnum. Á þessari og aðliggjandi lóð nr. 20 við Hverfisgötu var síðar reist bílageymsluhús með aðstöðu fyrir veitingarekstur



2022. Smiðjustígur í norður frá Laugaveg 11 allt að Bílahúsinu við Hverfisgötu 20 en á þeirri lóð stóðu áður húsin Smiðjustígur 1, 3 og 5.



Smiðjustígur 7 (rifíð 1968) og Hverfisgata 23 (lengst til vinstri) stóðu á núverandi Lýðveldisreit sem er nú á norðvestur horni Hverfisgötu og Smiðjustígs. Danska Sendiráðið er lengst til hægri.



2017. Smiðjustígur 11 og 11 B neðan við Lýðveldisgarðinn en á þeim reit voru áður hús nr. 7 og 9.



2017. Smiðjustígur 13, að baki þess húss sést Lindargata 6 og Þjóðleikhúsið.

Ingólfsstræti að Laugavegi

- Breytingar á húsaskipan er bundin við svæðið norðan Sölvhólsgötu.



2022. Ingólfsstræti til suðurs frá Hverfisgötu 12 (til vinstri).



1958-1965. Gamla Bíó Ingólfsstræti 2a (byggt 1927), til vinstri við það Hús Málarans Bankastræti 7A og til hægri Alþýðuhúsið Hverfisgötu 8-10.



2017. Ingólfsstræti séð í norður frá Bankastrætis 7A að Hverfisgötu 8-10. Lengst til hægri má greina Arnarhól og Seðlabankann við Kalkofnsveg 1.



2017. Ingólfsstræti austurhlíð séð í norður milli Bankastrætis og Hverfisgötu. Neðst er Hverfisgata 12 (hús Guðmundar Hannessonar læknis byggt 1912) síðan Ingólfsstræti 1A og efst Bankastræti 9.



2022. Ingólfsstræti austurhlíð séð í suður frá Hverfisgötu 12 (hús Guðmundar Hannessonar læknis) síðan Ingólfsstræti 1A og efst Bankastræti 9.



2017. Ingólfsstræti austurhlíð séð í norður frá Hverfisgötu 12, síðan Hverfisgata 15 (Safnhúsið), Lindargata 2 (Hæstiréttur), Lindargata 1-3 (Fjármálaráðuneytið), Sölvhólgata 7 (Dómsmálaráðuneytið), Ingólfsstræti 1 (Center Hótel).



2022. Ingólfsstræti til norðurs frá Safnhúsinu Hverfisgötu 15.



1940-1945. Horn Ingólfsstrætis og Lindargötu, Arnarhváll; Sænska frystihúsið til vinstri og hermannabraggar til hægri við Lindargötu 1 (fjármálaráðuneytið).



1960. Ingólfsstræti 1, Hús Fiskifélagsins fyrir miðju, Sænska frystihúsið Kalkofnsvegi 1 til hægri og Útvarpshúsið Skúlagötu 4 til vinstri; Mynd tekin frá þeim stað sem Harpan er nú.



2022. Gatnamót Ingólfsstrætis, Skúlagötu og Kalkofnsvegjar. Endurbyggt Ingólfsstræti 1 (Center Hotels) til vinstri og hvíta húsið er Skúlagata 4. Seðlabanki Íslands við Kalkofnsveg 1 til hægri.

Veghúsastígur

Húsin við Veghúsastíg eru norðan megin við götuna og standa flest enn í dag en sum hver þó endurgerð sem gistiheimili. Sunnan megin við götuna er bakhlíð húsa við Hverfisgötu.



2022. Veghúsastígur 1 með skrautmáluðum gafl (dæmt ónýtt) og 1A (gráa steinhúsið) til hægri.



2017. Veghúsastígur 1A og 3 (blátt timburhús).



2022. Veghúsastígur frá Vatnsstíg. Bakhlíð húsa við Hverfisgötu til vinstri.

Veghúsastígur 9 og 9A var nefnt Bergshús en það var heimili Bergs Einarssonar (1872-1942) sem þar bjó ásamt fjölskyldu sinni. Bergur var fyrsti sútari landsins og rak verkstæði og verslun á Veghúsastíg 9. Hús á baklóð nr. 9A hefur verið endurbyggt sem hluti af húsi nr. 9. Húsin nr. 7, 9 og 9A hafa öll verið gerð upp og eru í samrekstri við Hverfisgötu 45 sem Gistiheimilið *Reykjavík Residence*.



1973. Veghúsastígur 7, 9 og lengst til vinstri Veghúsastígur 3 og gaflinn á 1A/ Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



2022. Veghúsastígur 5 og 7. Veghúsastígur 5 hefur nú verið sameinaður Lindargötu 26 (Dagheimilið Lindarbær), en nr. 7 er nú gistiheimili ásamt húsum nr. 9 og 9A.

Veghúsastígur 5 og 7. Hús nr. 5 var reist 1919 og hýsti á árum áður Smárahús og bókaforlagið Helgafell. Húsið er nú hluti dagheimilisins *Tjarnarborg* sem stendur við Lindargötu 26. Hús nr. 7 var reist 1933 og hýsti *Smjörlíkisgerð* Ragnars Jónssonar (1904-1984) í Smára sem framleiddi Smárasmjörlíki sem kallað var „Blái borðinn“. Ragnar var einn mikilvirkasti áhrifamaður menningararlífs á síðustu öld og hófust afskipti hans af bókaútgáfu með stofnun *bókaútgáfunnar Heimskringlu* 1934 sem stóð m.a að útgáfu *Heimsljóss* Halldórs Kiljan Laxness. Ragnar stofnaði síðar *bókaútgáfuna Helgafell* er starfaði á tímabilinu 1942-1985 (Mbl.7.02.2004). Ragnar var faðir Jóns Óttars sem stofnaði ásamt Hans Kristjáni Árnasyni sjónvarpsstöðina Stöð 2 á árinu 1986. Húsið er nú hluti Gistiheimilisins *Reykjavík Residence*.

Lindargata sunnanvert

- Sunnan megin götunnar hafa í það minnsta 15 timburhús (nr. 22, 22A, 24, 24A, 28, 30, 32, 34, 36, 40, 42, 42 A, 44, 44A-B, 46) verið rifin eða flutt. Þar hafa risið stúdentaíbúðir og fjölbýlishús.



2017. Lindargata 2 (Hæstiréttur) til hægri gegnt Lindargöt 1-3 (Fjármálaráðuneytið) til vinstri. Í baksýn sést í Lindargötu 6 og húsin þar austan við.



2017. Lindargata 6 til hægri, Þjóðleikhúsið í baksýn og Smiðjustíg 13 (rautt) í miðrið og til vinstri.



2022. Mynd til vinstri Lindargata 10 (Ebenezerhús, friðað), síðan hús nr. 12, 14 (grá og hvít þriggja hæða hús). Sælgætis- og efnagerðin Freyja var í húsi nr. 12 1934-1943, flutti í hús nr. 14 1943-1981 og síðar í Kópavog. Lengst til vinstri er Klapparstíg 14, nýlegt glerhýsi á horni Lindargötu og Klapparstígs. Mynd til hægri, suðurhlíð Lindargötu séð til vesturs frá Klapparstíg 14.



2022. Lindargata 10,12,14, Klapparstígur 14 séð frá Söhlólgötu. Klapparstígur 12 lengst til vinstri.



1980-1990. Horft til austurs inn Lindargötu frá Klapparstíg 13 yst til hægri við hlið Lindargötu 20. Húsin austan við Lindargötu 20 hafa flest vikið og þar risið þriggja hæða íbúðarhús og hótél.



1971. Lindargata 36 / Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Lindargata 36 var við norðvestur horn Lindargötu og Vatnsstígs, tveggja hæða timburhús með risibúð og kjallara og tengt Vatnsstíg 11 með brunagafli. Óvíst er um byggingarárið en það er nú horfið og þar risin steinhús sem eru jafnhá húsi gistiheimilisins Svansins að Vatnsstíg 11 og ná þau allt að dagheimilinu Lindarborg (Miðborg) við Lindargötu 36. Á mínum uppvaxtarárum var eigandinn þýsk kona sem bjó á efri hæðinni. Á fyrstu hæðinni bjó um tíma fjölskylda Ásmundar (Ási) Guðna Bergmanns Sveinssonar (f. 1950) seinna stýrimanns og skipstjóra á hafrannsóknarskipinu Bjarna Sæmundssyni en Ási er vinur bróður míns Brynjólfs. Í risibúðinni bjó Stefán Agnar Óskarsson (1938-2011) bifvélavirki ásamt systkinum sínum og móður. Faðir minn nýtti sér oftast en ekki þjónustu Agnars þó svo hann væri sjálfur allgóður vélavíðgerðarmaður. Agnar flutti síðar í Kópavoginn.



2018. Nýbyggingar: Lindargata 30, 32, 34, 36 séð frá Klapparstíg, þriggja hæða fjölbýlishús með risíbúðum og án bílastæða austan við dagheimilið Tjarnarborg gegnt Skugga I.



2018. Lindargata vestan Vatnsstígs. Þar má greina marglita hótél- og íbúðarhúsin nr. 30-36 við Lindargötuna sem tengjast Svaninum á Vatnsstíg 11. Skuggi I (Lindargata 31, 33) er gegnt þessum húsum.



1971. Lindargata 40 á horni Vatnsstígs / Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



1971, Lindargata 42 (flutt til Stykkishólms), til vinstri er Tóbíasarhús við Lindargötu 44 og gaflinn á Lindargötu 46 lengst til vinstri.

Sigurður Ólafsson (1885-1969) rakari bjó á Lindargötu 42 ásamt Halldóru Jónsdóttur (1884-1947) konu sinni og fjölskyldu frá 1937. Fjölskyldan bjó áður um tíma á Hverfisgötu 56. Á tímabilinu 1921-1955 rak Sigurður rakarastofu að Pósthússtræti 2 (Hús Eimskipafélagsins) en þá tók Páll sonur hans við rekstrinum. Dóttir Sigurðar, Lóa, var góð vinkona móður minnar.



1964. Lindargata 44 (áður 20), Tóbíasarbær. Í baksýn sést í Lindargötu 42A (steinhús) og Lindargötu 44A-B. Til hægri sést í húsið við Lindargötu 42 / Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



1971, Lindargata 44 A-B / Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



Horft til norðurs frá Hverfisgötu 55. Lindargata 42, 42 A, 44, 44A-B og útveggur lóðar 46.

Lindargata 42, 42 A, 44, 44A-B. Öll þessi hús voru rifin á fyrsta áratug þessarar aldar nema hús nr. 44 (vegna mótstöðu eigenda húss nr. 44 en þar stóð þá nýlegt hvítmálað steinhús) til að rýma fyrir óalitlegum stúdentablokkum (Skuggagarðar við Lindargötu). Þessi ákvörðun skipulagsyfirvalda R-listans með Steinunni Valdísi í fararbroddi voru að mínu mati mikil mistök þar sem þarna var kjörið að hlúa frekar að timburhúsabyggð á þessu svæði. Húsið á

lóð nr. 44 (“*Krækiber*“ milli háhýsa) var rífið 15 árum síðar (árið 2022) til að rýma fyrir frekari stúdentabyggð.

Á mínum uppvaxtarárum bjó á Lindargötu 44A Hulda Jónsdóttir (1917-1999) með manni sínum Birgi Einarssyni (1916-1971) og fjölskyldu. Hulda mun hafa fæðst á Lindargötu 44A en hún var dóttir Jóns Jónatanssonar (1874-1925). Húsið var selt úr fjölskyldunni 1990 og síðar flutt suður með sjó og stendur þar enn. Sonur Huldu og Birgis Einarssonar var Birgir Örn Birgisson (1942-2017), myndarpiltur og góður körfuboltamaður, sem síðar kvæntist Aldísi G. Einarsdóttur (Alla) (1940-2005) yfirsímritara hjá Ritsímanum í Reykjavík og bjuggu þau um tíma á Lindargötu 44A. Þau eignuðust 3 börn Guðrúnu Huld (f. 1961), Birgi Svan (f. 1968) og Einar Örn (f. 1973) en Einar var síðar myrtur af samstarfsmanni í Öskjuhlíðinni sem hafði varanleg áhrif á heilsu þeirra hjóna. Aldís tengdist fjölskyldu minni þar sem hún ólst upp á heimili Guðmundar Eyjólfssonar að Grettisgötu 20 en Guðmundur var bróðir föðurafa míns Sigurðar Eyleifssonar og kvæntur Guðrúnu Guðbrandsdóttur. Góð tengsl mynduðust síðar milli mín og fjölskyldna dótturdætra Guðmundar, þeirra Guðrúnar Hallfríðar Bjarnadóttur (f. 1949) og Guðrúnar Kormáksdóttur (f. 1963), en eiginmaður þeirrar fyrrnefndu er Edward Vilberg Kiernan (f. 1947) kvensjúkdómalæknir á Akureyri og Akranesi.



2019. Nýbyggingar við Lindargötu 27-39 og 28-46, til vinstri vestan Vatnsstígs og til hægri austan Vatnsstígs þar sem hvíta steinhúsið er áberandi í götumyndinni. Þröng gata með takmörkum fjölda bílastæða þrátt fyrir aukinn fjölda blokkaríbúða án aðgangs að eigin bílastæðum.




*2019. Til vinstri loftmynd af svæðinu austan Vatnsstígs þar sem greina má að stúdentagarðarnir við Lindargötu eru til lítillar prýði í áður snyrtilegu hverfi timburhúsa. Lindargata 44, hvíta steinhúsið er eins og “*Krækiber*“ milli grárra Stúdentablokka og það var rífið 2022 (mynd til hægri) til að rýma ennfrekar fyrir stækkun stúdentagarða.*



2017. Lindargata 48 (bogadregið) er nú tengt Frakkastíg 6A (gula húsið) með trébrú.

Lindargata 46, 48. Húsin nr. 46 og 48 finnast á teikningum frá 1934 en í núverandi mynd frá 1953. Hús nr. 48 er þriggja hæða bogadregið hús sem stendur á horni Lindargötu og Frakkastígs. Húsið tengdist öðru húsi sem staðsett var á lóð nr. 46 við Lindargötu og var stórt bílastæði milli þessara hús með aðgengi frá Lindargötu. Þessi hús hafa í gegnum tíðna hýst ýmsa starfsemi svo sem dósaverksmiðju, skrifstofur, verslun og lager ÁTVR, tónlistaskóla. Hús nr. 46 hefur vikið fyrir nýjum Stúdentagörðum en hús nr. 48 stendur enn og er nú rekið af Borginni sem athvarf fyrir heimilislausa, sem af mörgum er talið vera enn eitt dæmið um skipulagsslys af hálfu R-listans í Reykjavík.

Lindargata 50 stendur á austurhorni Lindargötu og Frakkastígs gegnt Franska spítalanum. Á þeirri lóð standa í raun þrjú hús sem öll voru í eigu Björgvins Fredriksen (1914-2003). Hornhúsið er timburhús með aðalhæð, risibúð og kjallara og bjó Björgvin þar með konu sinni Hallfríði Björnsdóttur (1916-1994) og fjórum börnum, Hilmar Kristján (f. 1939), Birna (f. 1941), Friðrik (f. 1945) og Sigurbjörg (f. 1951). Sunnanvert við húsið er steinsteypt vélsmiðja Björgvins sem hefur verið tengd timburhúsinu með viðbyggingu sem að hluta nýttist timburhúsinu og að hluta vélsmiðjunni. Teikningar eru aðgengilegar af þessum húsum frá árinu 1942 og 1952. Viðbyggingunni var um tíma breytt í skrifstofuhúsnæði fyrir tannlækna, timburhúsið nýtt sem gistihús og nú eru húsin nýtt af íslenska gyðingasöfnuðinum.



2017. Lindargata 50, mynd frá 2017, hús Björgvins Fredriksen (1914-2003).

Í Mbl 22.09.2003 kemur fram að Björgvin stofnaði vélsmiðju og vélasölu í Reykjavík árið 1937, sem hann rak til ársins 1962. Eftir að hann dró úr umsvifum sínum stundaði hann listsmiði og verkfærasmíði að Lindargötu 50 og fékkst við uppfinningar og fékk skráð einkaleyfi. Björgvin gegndi ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Meistarafélag járníðnaðarmanna og var þar formaður 1950-1953 og 1957-1958. Hann var forseti Landssambands iðnaðarmanna 1952-1960 og prófdómari í málmíðnaði við Iðnskólann frá 1961, svo eitthvað sé nefnt. Einnig var hann í stjórn Iðnaðarmálastofnunar Íslands til skamms tíma, sem og varaformaður og formaður. Björgvin var jafnframt í stjórn Vinnuveitendasambands Íslands 1954-1962 og borgarfulltrúi í Reykjavík 1954-1962. Þá var hann borgarráðsmaður 1960-1962. Árið 1960 var Björgvin gerður að heiðursfélagi Landssambands iðnaðarmanna, einnig hlaut hann heiðursmerki Iðnaðarmannafélagsins á 100 ára afmæli þess 1967. Hinn 1. janúar 1989 hlaut Björgvin riddarakross fálkaorðunnar og einnig var hann tilnefndur heiðursfélagi í Iðnaðarmannafélagi Reykjavíkur sama ár. Á 90 ára afmæli Iðnskólans, árið 1994 var hann jafnframt sæmdur heiðursmerki Iðnskólans í Reykjavík. Í grein eftir Elínu Torfadóttur leikskólakennara í Mbl. 4.11.1994 (bls. 26) kemur fram að fyrsta skóladagheimili í Reykjavík hafi verið starfrækt í húsi við Lindargötu, þar sem áður hafði verið Vélsmiðja Björgvins Fredriksen, og eigi Björgvin þakkir skildar að leigja húsnæði sitt undir slíka starfsemi. Hús Björgvins.



1952. Lindargata 50, bakhús með Vélaverkstæði Björgvins Fredriksen sem liggur að hluta að Frakkastíg neðan við Frakkastíg 5 sem hér sést lengst til hægri / Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



2022. Suðurhlið Lindargötu frá Frakkastíg 50 að Vitatorgi.



2022. Suðurhlíð Lindargötu frá Frakkastíg 62 að Frakkastíg.



1971. Lindargata 50, til vinstri sést í gafl Lindargötu 52 og þar í baksýn sést í Hverfisgötu 65 A.



1971. Lindargata 54.



1971. Lindargata 56.



1971. Lindargata 62, á horni Lindargötu og Vitatorgs.



2017. Lindargata 52, 54, 56, og 58 (baklið frá Hverfisgötu).



2017. Lindargata 58 og 60 (baklið frá Hverfisgötu).



2022. Vitatorg og nýbyggingar fyrir eldri borgara „Gulu Húsin“ við Lindargötu 64-66.

Lindargata norðanvert

- Á svæðinu vestan Klapparstígs hafa 3 hús verið rifin, Lindargata 13, 15-17.

- Á svæðinu austan Klapparstígs hefur fjöldi húsa verið rifin eða flutt og þá aðallega milli Klapparstígs og Frakkastígs. Um að ræða í það minnsta 14 hús (27-49, 61, 63) auk húsa við Vatnsstíg, Frakkastíg, Klapparstíg og Skúlagötu neðan Lindargötu. Á þessu svæði hafa risið háhýsi er ná að Skúlagötu.



2017. Lindargata horft til austurs frá Arnarhóli. Lindargata 1-3 (Fjármálaráðuneytið) til vinstri og Lindargata 2 (Hæstiréttur) til hægri.



2017. Horft til vesturs að Lindargötua 1-3 (Fjármálaráðuneytið) til hægri og Lindargötu 2 (Hæstiréttur) til vinstri.



2017. Lindargata 7 á vestanverðu horni Skuggasunds. Íþróttarhús Jóns Þorsteinssonar, síðar hluti Þjóðleikshússins.



2022. Skuggasund til norðurs (til vinstri), Lindargata 7 (nú leikhús) og 9 (nú hluti Umhverfísráðuneytis). Austurhlið Skuggasunds til suðurs (Umhverfísráðuneytið) til hægri.



1970. Skuggasund austanvert, biðröð við nemendaleikhúsið, nú hluti bygginga Umhverfísráðuneytis.



2017. Lindargata 11 við hlið Umhverfísráðuneytis.



1971. Lindargata 11 a (áður 1c) / Ljósmyndasafni Reykjavíkur.



1971. Lindargata 11 a (1c), Sölvhólgata 13 í baksýn / Ljósmyndasafni Reykjavíkur.



1971. Lindargata 11. Til vinstri Lindargata 9 og í baksýn Sölvhólgata 13.



1971. Lindargata 15 (nú á Fossagötu 11). Til vinstri Lindargata 11 (nú breytt að hluta) og 13 (nú horfið).

Lindargata 21, 23, 25, 27 og 29. Hús nr. 21, 23 og 25 standa enn. Að baki þessara húsa við Skúlagötu á lóð timburverslunar Völundar hafa risið háhýsi sem almennt nefnast “*Hvítu húsin*“ við Klapparstíg og Skúlagötu vestan við Skugga I.



2017. Lindargata 21, 23, 25 og Klapparstígur 11 (tvær hæðir og ris með stórum kvisti), standa enn.



1971. Klapparstígur 11, Lindargata 21,23,25 og til hægri sést í hornið á Lindargötu 27 (nú horfið).

Lindargata 27 var steinhús reist 1895 og stóð við hlið **Lindargötu 29** sem var timburhús (reist 1907), ein hæð, rishæð og kjallari en um 1948 bættust við vinnustofa og bílskúr. Húsin nr. 27 og 29 voru eign Ara Antonssonar verkstjóra. Húsin hafa verið rifin en í stað þeirra hefur risið nýlegt sjö hæða fjölbýlishús nr. 27 við Lindargötu.



1935-1950. Steinbær (Lindargata 31?) við hlið Lindargötu 29.



2017. Norðan við Lindargötu 21, 23, 25, 27 og 29 hafa risið nýbyggingar (Hvítu háhýsin) við Klapparstíg (1, 1A, 3, 5A) og Skúlagötu (10) byggð á Völundarlóðinni á seinni hluta síðustu aldar.



1965. Séð í austur frá Lindargötu 32 til hægri á mynd, steinbærinn Lindargata 35 er til vinstri.



1964. Steinbærinn að Lindargötu 35 byggður 1894.

Lindargata 31, 33, 35 og 37 Hús nr. 31 og 33 finnst ekki á teikningum en voru í eigu Eimskipafélagsins. Hús nr. 35 var steinbær frá 1894, nefndur Vaktarabær eftir eigandanum Guðmundi Stefánssyni stýrimanni og vaktara. Bærinn var rifinn 1960. Húsið nr. 37 var á lóð Vaktarabæjar, timburhús reist 1902 og flutt að Bjargarstíg 1982. Þessar lóðir voru þá í eigu Eimskipafélagsins sem þá átti Kveldúlflslóðina fyrir neðan þessi hús. Á þessum lóðum hafa nú risið háhýsin í Skugga I og bjó móðir mín á Lindargötu 33 síðustu ár ævi sinnar.



1971. Lindargata 37.

Lindargata 39, 41, 43. Hús nr. 39 var nefnt Lindin, var reist 1898 á lóð torfbæjarins Miðhús og rífið 1987. Hús nr. 41 var reisulegt timburhús ein hæð, rishæð og kjallari í eigu Þorgeirs Pálssonar. Á árinu 1977 voru eigendur hússins Magnea Guðlaugsdóttir, Sólveig Kristmundsdóttir og Karen Óladóttir. Húsið nr.43a (bakhús) var reist 1897 og flutt í Árbæjarsafn 1974 en hús nr 43 hafði þá verið rífið. Lóðir að Lindargötu 43 og 43a voru þá í eigu Eimskipafélagsins.



Hús nr. 39, 41 og gafl húss nr. 43 við Lindargötu.



Lindargata 43a.



1930-1940, Lindargata 45 og 47 (nr. 45 stendur nú við Bakkastíg).

Lindargata 45, 47. Húsin nr. 45 og 47 voru á lóð Móakots. Hús nr. 45 var reist eftir 1884 sem tveggja hæða timburhús, breytt 1927. Hús nr. 47, reisulegt timburhús ein hæð, rishæð og kjallari, var reist 1903 og kallað Bakkabúð. Þessi hús voru eign Þorsteins Þorsteinssonar skipstjóra sem síðar eignaðist Þórshamar (Templarasund 5). Hann rak útgerðarfyrtækið Bakkabúð ásamt bræðrum sínum skipstjórunum Einari og Kolbeini (sjá Hverfisgata 53).



1964, Lindargata 47.

Lindargata 49. Hús nr. 49 á horni Lindargötu og Frakkastígs finnst á teikningum frá 1922 sem ein hæð, ris og kjallari en var breytt 1936 með stækkun til norðurs og þaki lyft. Þar bjó lengst af Þorsteinn Guðbrandsson (1890-1972) kallaður Steini Brands (Mbl. 28.05.1967 (bls.27)). Hann starfaði fyrst sem togarasjómáður og lenti m.a. tvisvar í sjávarháska sem leiddi til að vinstri fótur brotnaði í tvígang. Frá 1946 vann hann hjá Tryggva Ófeigssyni m.a. við að splæsa trollvíra sem var erfitt verk. Norðan við hús Steina stóð í Kveldúlfsportinu lítið hlaðið hús úr steini kallað Byggðarendi til vitnis um legu hússins í Skuggahverfinu á þeim tíma þegar það var reist. Húsið nr. 49 komst síðar í eigu Borgarinnar og enn síðar í eigu

Eimskipafélagsins og var á árunum 1987-1998 leigt samtökum samkynhneigðra er nefnast “Samtökin ’78“. Húsið var síðan rífið eða flutt og á reitnum hafa risið háhýsi Skugga II-III.



1965, Lindargata 47 og 49, steinbærinn Byggðarendavör í baksýn.

Lindargata 51 er á norðurhorni Lindargötu og Frakkastígs og var í upphafi Franski spítalinn, reistur 1903 og var starfræktur til 1927. Reykjavíkurbær keypti húsið 1929 og síðar var þar til húsa Lindargötuskólinn og nú síðast Tónmenntaskóli Reykjavíkur þegar Lindargötuskólinn flutti í Ármúla og varð að Fjölbrautarskólanum í Ármúla. Austan við þetta hús voru bækistöðvar SS (Sláturfélags Suðurlands) að Skúlagötu 20 sem síðan voru fluttar að Kirkjusandi og svo austur á Hvolsvöll. Á lóð SS hafa risið háhýsi fyrir eldri borgara.



2019. Nýbyggingar við Lindargötu 27-39 og 28-46 til hægri. Franski Spítalinn í fjarska.



2019. Nýbyggingar við Lindargötu 35-39 til vinstri. Franski Spítalinn í fjarska.



2019. Nýbyggingar stúdentaíbúða við Lindargötu 42-46 til vinstri. Franski Spítalinn í fjarska.



1973, Franski spítalinn við Lindargötu 51.



1971. Lindargata 63.



1971. Lindargata 61, Kaupangur.



2017. Nýbyggingar eldri borgara milli Lindargötu og Skúlagötu séðar í austur frá horni Lindargötu og Frakkastígs. Ofan við íbúðir eldri borgara við Skúlagötu 20 er Lindargata 51 Franski spítalinn. Á reit Skúlagötu 20 stóð áður hluti bygginga Sláturfélags Suðurlands (SS).



2017. Nýbyggingar eldri borgara Lindargata 57-61, 64-66 (Gulu húsin) milli Skúlagötu og Lindargötu séðar í austur frá Lindargötu 50. Á þessum reit stóðu áður byggingar Sláturfélags Suðurlands (SS).



2022. Franski spítalinn við Lindargötu 51 er sem smáhýsi sunnan við ný háhýsi við sjávarsíðuna.

Sölvhólgata


- Sunnanvert hafa horfið í það minnsta 5 hús (nr. 6, 8, 10, 10B, 14) í dag bílplan
- Norðanvert er nú bílplan á lóðum 9-11.



2017. Sölvhólgatan, séð í austurátt frá húsi nr. 4 til hægri (Menntamálaráðuneytið), lóðir 6, 8, 9, 10, 10B, 11 og 14 eru nú bílastæði. Hús nr. 7 (Dómsmálaráðuneytið) er til vinstri. Í fjarska til vinstri er Sölvhólgata 13 (eitt af húsum Listaháskólans).



2017. Sölvhólgata 13 (meginbygging Listaháskólans á þessum stað), í baksýn Hvítu húsin við Klapparstíg og Skuggi I.



2017. Ráðuneytisbyggingar séðar frá Skúlagötu. Til vinstri Sölvhólgata 4 (Menntamálaráðuneytið) og bakhlíð ráðuneyta við Lindargötu 1-3. Fyrir miðri mynd Sölvhólgötu 7 (dómsmálaráðuneytið). Til hægri Skúlagötu 4 (Sjávarútvegshúsið, nú ráðuneyti sjávarútvegs og matvæla). Lengst til hægri sést grá bygging sem er Inólfsstræti 1 (Hótel Arnarhvoll, Center Hotels). Svæðið milli Sölvhólgötu og Skúlagötu eru framtíðar byggingarsvæði fyrir ráðuneytin en er nú að mestu nýtt sem bílastæði.



1920-1930. Torfbærinn Sölvhóll (rifinn 1930). Sambandshúsið til vinstri, byggt 1919-1920.



1984, Sölvhólgata 4 Sambandshúsið sem nú hýsir Menntamálaráðuneytið, en þar voru áður höfuðstöðvar Sambands Íslenskra Samvinnufélaga, Samvinnuskólinn í Reykjavík, Landsverslun.



1971, Sölvhólgata 10, horfið og þar er nú bílastæði ofan við byggingar Listaháskólans við Sölvhólgötu 13.

Skúlagata að Snorrabraut

Hér hafa orðið miklar breytingar vegna nýbygginga frá miðbænum að Snorrabraut samhliða landfyllingu og lagningu Sæbrautar norðan Skúlagötu. Eldri myndir: Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

- Milli Kalkofnsvegur og Klapparstígs hefur risið nýbygging Seðlabankans gegnt Hörpu. Hús Fiskifélagsins við Ingólfsstræti 1 hefur verið endurbyggt og er nú hluti Center Hótela við hlið Sjávarútvegshússins (Útvarpshússins) Skúlagötu 4 en svæðið þar austan við bíður nýbygginga á vegum hins opinbera.

- Milli Klapparstígs og Vitastígs hefur risið ný byggð háhýsa.

- Milli Vitastígs og Snorrabrautar hafa risið háhýsi með lægri byggð norðan við Skúlagötu allt frá Frakkastíg að Snorrabraut í kjöfar landfyllingar og lagningar Sæbrautar norðan Skúlagötu.



1971. Skúlagata við Barónsstíg, Aðalbílasalan með Hafnarbíó í baksýn (Bragginn).



1935-1950. Baklóð og geymsluport við Skúlagötu 32-34 og Barónsstíg 2. Í þessum húsum voru Brjóstsykurgerðin Nói hf, Sápuverksmiðjan Hreinn hf og Súkkulaðiverksmiðjan Sirius hf.



1940. Royal Regiment of Canada við Bjarnarborg Hverfisgötu 83. Hverfisgata 84 er í neðra hægra horni myndar en í fjarska má greina iðnaðarhverfið við Skúlagötu 32-34 og Barónsstíg 2.



1957. Skúlagata 26 og hornið á Vitastíg 3 sem m.a. hýstu Kassagerð Reykjavíkur, rifin 2018.



1950-1960. Port Sláturfélags Suðurlands (SS) við Skúlagötu 20-24 / Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



1935-1945, Byggðarendi byggður 1880, Frakkastígur 2 á horni Skúlagötu / Ljósmyndasafn Reykjavíkur .



1986, Skúlagata, hvíta húsið stóð við Vatnsstíg þar sem Skuggi I er nú, Færeyingaheimilið og SS eru til vinstri og Útvarphúsið háa hvíta byggingin lengst til hægri / Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



1955, Trésmiðjan Völundur, Klapparstíg 1 við horn Skúlagötu / Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



1982, Trésmiðjan Völundur við Klapparstíg 1 gegnt Klöpp (til vinstri), séð til austurs eftir Skúlagötu / Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



1920, Athafnasvæði Völundar við Klapparstíg milli Skúlagötu og Sölvhólsgötu / Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



1925-1945, Nýborg hús ÁTVR við Skúlagötu norðan Sölvhólsgötu / Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



1960, Útvarpshúsið við Skúlagötu 4, hús Fiskifélagsins við Ingólfsstræti 1 og Sænska Frystihúsið við Kalkofnsveg 1 lengst til hægri / Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



1980, Sænska Frystihúsið við Kalkofnsveg 1 / Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



Sænska frystihúsið stóð hér 1930 til um 1995. Það var byggt af sænskum aðilum (forstjóri H. Gustafssonv) og rekið með tapi. Keypt af íslenskum aðilum um 1942 (Ægir 35. árgangur, 6. tölublað 1942, bls. 144; Morgunblaðið 28.08.1993, bls. 2).



1969. Sænska frystihúsið við Kalkofnsveg 1 með í baksýn Útvarpshúsið, Sambandshúsið og olútanka á Klöpp. Fremst er athafnasvæði Eimskips við Kalkofnsveg.



1985-1987. Tvær yfirlitsmyndir af gatnamótum Kalkofnsvegjar, Skúlagötu, Ingólfsstrætis og gatnamótum Lækjargötu, Kalkofnsvegjar, Tryggvagötu. Seðlabankinn á lóð Sænska frystihússins.



2017. Ný strandlengja Skuggahverfis með tilkomu Sæbrautar. Harpan lengst til hægri, Seðlabankinn vestan Ingólfsstrætis, Center Hotels og Sjávarútvegshúsið milli Ingólfsstrætis og Klapparstígs, Hvítu húsin og Skuggi I milli Klapparstígs og Vatnsstígs, Skuggi II-III milli Vatnsstígs og Frakkastígs, Brúnu og Gulu Húsin milli Frakkastígs og Vitastígs.



2019. Ný hús á Austurbakka, Harpan og Nýtt hótél en Nýi Landsbankinn er hér enn óbyggður.



2022. Ný hús á Austurbakkanum (Nýi Landsbankinn og Edition hótelið) séð frá Hörpu.



2022. Ný hús á Austurbakkanum og Harpan séð frá Arnarhóli.



2019. Mynd tekin í austur frá Hörpu. Mót Ingólfsstrætis, Skúlagötu og Kalkofnsvegar. Ingólfsstræti 1 eftir stækkun og tengingu við Sjávarútvegshúsið til austurs. Seðlabankahúsið til hægri á mynd.



2019. Háhýsi milli Klapparstígs og Snorrabrautar.



2019. Vatnsstígur frá Sæbraut. Hér stóð áður færeyska sjómannaheimilið. Á þessum reit fyrirhuga borgaryfirvöld að byggja háhýsi sem að margra mati yrði skipulagslys.



2019. Háhýsi milli Vatnsstígs og Snorrabrautar.



2019. Hér mun rísa 17. Hæða hótél á horni Skúlagötu og Vitastígs.



2018. Gatnamót Skúlagötu og Barónsstígs. Til vinstri háhýsi á fyrri lóð Hafnarbíós við Skúlagötu 40. Í fjarska fyrir miðri mynd nýbyggingar á horni Barónsstígs og Hverfisgötu gengt Barónsfjósínu en þar er nú matvælaverslun með heitinu Extra-verslunin (hvítt hús á einni hæð). Til hægri á mynd er endurbyggt Fosshótel Barón að Barónsstíg 2.



2019. Hús norðan við Skúlagötu frá Vitastíg til vinstri að Snorrabraut til hægri. Hvíta bogadregna húsið er hús Ríkislögreglustjóra við Skúlagötu 21 en þar í baksýn eru háhýsi við Skúlagötu 40-44 sunnan megin við götuna.



2019. Gatnamót Skúlagötu við Snorrabraut en Skúlagatan endar þar í lokuðum botnlanga.